

ÞINGGERÐ

52. Sambandsþing UMFÍ

EFNISYFIRLIT

Dagskrá.....	3
Þingsetning.....	4
Kosnir starfsmenn þingsins	8
Kjörbréfanefnd	8
Ágrip af skýrslu stjórnar	8
Ávörp gesta.....	8
Viðurkenningar.....	9
Afhending hvatningarverðlauna.....	9
Kjörbréfanefnd skilar álitum.....	9
Ársreikningur umfí fyrir 2020 lagður fram	9
Umræður og afgreiðsla um skýrslu stjórnar.....	10
Stefnumótun UMFÍ.....	10
Mál lögð fyrir þingið.....	12
þingskjal nr. 1	12
þingskjal nr. 2	13
þingskjal nr. 3	15
þingskjal nr. 4	15
þingskjal nr. 5	18
þingskjal nr. 6	19
þingskjal nr. 7	21
þingskjal nr. 8	23
þingskjal nr. 9	23
þingskjal nr. 10	24
þingskjal nr. 11	24
þingskjal nr. 12	25

Þingskjal nr. 13	25
Þingskjal nr. 14	27
Nefndarstörf	28
Nefndir skila álitum	28
Þingskjal nr. 2	28
Þingskjal nr. 3	29
Þingskjal nr. 5	30
Þingskjal nr. 8	30
Þingskjal nr. 9	31
Þingskjal nr. 4	32
Þingskjal nr. 6	35
Þingskjal nr. 7	37
Þingskjal nr. 15	39
Þingskjal nr. 10	39
Þingskjal nr. 11	40
Þingskjal nr. 12	40
Þingskjal nr. 14	41
Þingskjal nr. 1	41
Málstofur	43
Kosningar	44
kosning formanns.....	44
til aðalstjórnar:.....	44
til varastjórnar:.....	44
framboð til varastjórnar umfi	45
Ályktun frá málstofu um rafíþróttir.....	46
Önnur mál	47
Matmaður þingsins	48
Fulltrúar frá sambandsaðilum.....	49

DAGSKRÁ

Föstudagur 15. október

- Kl. 18:00 Þingsetning.
Kl. 18:20 Kosning starfsmanna þingsins.
Kl. 18:30 Ágrip af skýrslu stjórnar.
Kl. 18:40 Ávörp gesta.
Kl. 19:00 Viðurkenningar.
Kl. 20:00 Hátíðarkvöldverður og skemmtun.

Laugardagur 16. október

- Kl. 09:45 Kjörbréfanefnd skilar álit.
Kl. 10:00 Skýrsla stjórnar frh. og ársreikningur.
Kl. 10:15 Umræður og afgreiðsla um skýrslu stjórnar og ársreikning.
Kl. 10:45 Stefnumótun.
Kl. 11:00 Mál lögð fyrir þingið.
Kl. 11:15 Nefndarstörf.
Kl. 12:00 Hádegishlé.
Kl. 12:45 Nefndarstörf (frh.).
Kl. 15:30 Nefndir skila álit.
Kl. 16:00 Málstofur:
- Íþróttahéruð.
 - Mótahald.
 - Rafíþróttir.
- Kl. 17:00 Kosningar: Formaður, stjórn, varastjórn og kjörnefnd.
Kl. 17:30 Umræður og afgreiðsla.
Kl. 19:00 Hlé.
Kl. 20:00 Kvöldverður og skemmtun.

Sunnudagur 17. október

- Kl. 10:00 Umræður og afgreiðsla mála frh.
Kl. 12:00 Þingslit.

ÞINGSETNING

Haukur Valtýsson, formaður Ungmennafélags Íslands, bauð þingfulltrúa velkomna á 52. Sambandsþing Ungmennafélags Íslands á Húsavík.

ÞINGSETNINGARRÆÐA HAUKS:

Kjörtímabili sitjandi stjórnar UMFÍ er nú að ljúka. Það hófst með venjubundnum hætti og stefndi í að við myndum sinna vinnu okkar eins og venja er. En annað átti eftir að koma á daginn.

Aðeins tveimur mánuðum eftir sambandsþingið fór COVID-veiran á kreik um heimsbyggðina. Hún hefur nú raskað lífi flestra í að verða tvö ár.

Það er ekki ætlun mín að dvelja við COVID-væl. Þvert á móti horfum við í ungmennafélagshreyfingunni alltaf bjartsýn fram á veg. Þar sem aðrir sjá lokaðar dyr á vegamótum sjáum við tækifæri.

En ekkert gerist af sjálfu sér. Þegar nánast slokknaði á samfélaginu þá kom það harkalega niður á íþróttafélögum um allt land. Við stóðum frammi fyrir geysilegum áskorunum. En stjórnvöld sýndu skjót viðbrögð, hlustuðu á samfélagið og brugðust við með ýmsum ráðum.

Stuðningur stjórnvalda við íþrótt- og æskulýðsstarf er ómetanlegur. Án hans hefði allt orðið erfiðara. Ég veit að þessi stuðningur hefur víða nýst vel og er framsýni stjórnvalda þakkarverð.

Við í stjórn UMFÍ og starfsfólk fundum fyrir aðgerðum gegn útbreiðslu veirunnar.

Í fyrra frestuðum við öllum mótum UMFÍ og ýmsum viðburðum. Það gerðum við aftur á þessu ári. Unglingalandsmóti UMFÍ, Íþróttaveislunni í Kópavogi og Landsmóti UMFÍ 50+. Við höfum frestað mótunum tvö ár í röð. En mótshaldarar og sjálfboðaliðarnir allir sem hafa frestað viðburðum tvö ár í röð eru enn með ermar brettar upp og reiðubúnir að halda áfram á næsta ári. En auðvitað kom margt jákvætt út úr þessu öllu saman.

Ungmennaráðstefnunni Ungu fólki og lýðræði var frestað á þessu ári. En í fyrra var hún haldin með breyttu sniði. Hún var í fyrsta sinn í Reykjavík og stóð yfir í aðeins einn dag í stað tveggja. Ef við horfum á björtu hliðarnar þá var ráðstefnan fjölmenn og samræður bæði snarpari og skilvirkari.

Ungmennafélagsandinn eflir bjartsýni og sveigjanleika í erfiðum aðstæðum. Við erum þar. Fundir hafa færst á netið, það fækkar ferðum fólks og dregur úr mengum og svo má lengi telja. En fundir eru líka staðir tengsla. Á fundum eins og hér á sambandsþingum og öðrum viðburðum UMFÍ hittumst við til að ræða málin, treysta böndin, kynnst nýju fólki og búa til ný tengsl. Það getur leitt til nýrra verkefna og betra starfs.

Forsvarsfólk UMFÍ hefur á kjörtímabili sitjandi stjórnar unnið að stefnumótun hreyfingarinnar. Afrakstur vinnunnar verður kynntur hér á þinginu. Stjórn UMFÍ vinnur eftir því leiðarljósi að gera ævinlega betur. Stefnumótun UMFÍ, sem hefur

farið fram í nánun og góðu samstarfi við sambandsaðila, aðildarfélög og ungmennaráð UMFÍ, ber þess merki enda nauðsyn að uppfæra hana reglulega í takt við tíðarfar og tækni. Sú krafa sem stefna UMFÍ setur okkur felur í sér að því þurfum sífellt að hugsa fram á við, verða hnitmiðaðri, spegla verkefni okkar við samfélagið og vera í takti. Helst verðum við að vera nokkrum skrefum á undan.

En nú að þinginu. Mörg mál eru á borðum þingfulltrúa um helgina. Það endurspeglar þau mikilvægu skref sem við stigum saman á sambandsþinginu fyrir tveimur árum þegar þrjú íþróttabandalög komu inn í raðir UMFÍ sem sambandsaðilar. Við þetta tvöfaldaðist umfang UMFÍ. En á sama tíma styrkir það íþróttahreyfinguna gríðarlega. Samstarf í hreyfingunni er mikilvægt og við upplifum að samskiptin séu gagnvirk og góð og saman erum við sterkari málsvari fyrir íþróttastarfið á Íslandi.

Þingið nú er það fyrsta sem nýir sambandsaðilar sitja og mig langar til að bjóða fulltrúa IA, IBA og IBR sérstaklega velkomna til leiks. Við þetta tækifæri er gaman að rifja upp ferð okkar til Danmerkur þar sem við fengum fræðslu um m.a. hvernig félög taka á móti nýjum félögum með árangursríkum hætti. Verið velkomin og ég vænti þess að þið takið hressilega þátt í störfum þingsins og samtakanna.

Í kjölfar stækkunar samtakanna fór einnig af stað vinna sem miðar að uppstokkun á skiptingu arðs frá Íslenskri getsþá og Íslenskum getraunum. Það er aðkallandi mál sem ÍSÍ og UMFÍ vinna saman að og eru meðal annars mikilvægt að fái umfjöllun hér um helgina.

Við horfum til enn fleiri þátta sem styrkja starfið. Í tengslum við uppstokkun á lottófjármagni þarf að skoða breytingu á íþróttahéruðum landsins. Íþróttahéruðin hafa lítið sem ekkert breyst frá myndun þeirra. Það er mikið framfaraskref fyrir íþrótt- og ungmennafélagshreyfinga að skilgreina hlutverk þeirra betur. Í þeirri vinnu felst jafnframt að samræma ýmsa þætti í starfi íþróttahéraðanna og vinna að því að jafna stöðu þeirra. Vissulega þurfa UMFÍ og ÍSÍ að vinna náið að því máli en mikilvægast er að fulltrúar íþróttahéraðanna 25 komi að málunum.

Til að koma málefnum íþróttahéraða áleiðis þurfum við stuðning okkar ágætu þingfulltrúa. Ég vænti þess að við ræðum saman um málið með það fyrir augum að bæta framtíðina.

Stefnumótunarvinna UMFÍ krefst þess af okkur í stjórn UMFÍ að vera á tánun, skerpa á áherslum í rekstri og taka upp tækni sem gerir gott starf enn betra. Það getur falið í sér fórnir.

Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, er þar á meðal. Það hefur verið í notkun frá árinu 2004 en er nú komið á endastöð. Fyrir nokkrum vikum skrifaði ég fyrir hönd UMFÍ ásamt fulltrúa ÍSÍ undir nýjan samstarfssamning við fyrirtækið Abler, sem margir þekkja. Fyrirtækið vinnur nú að smíði nýrrar skilagáttar fyrir starfsskýrslur ÍSÍ og UMFÍ. Von okkar og þeirra sem að kerfinu standa er að það muni auðvelda mjög öllum skil á starfsskýrslum. Samningurinn felur jafnframt í sér að gerður verður skilagrunnur starfsskýrslna sem ætti að veita fræðasamfélaginu aðgang að margs konar

upplýsingum og vinna úr þeim niðurstöður sem vonandi verða til hagsbóta fyrir hreyfinguna og samfélagið.

Við höfum starfrækt Ungmennabúðir UMFÍ nú bráðum að verða í 20 ár og komin gríðarleg reynsla á starfseminum. Fyrir tveimur árum fluttum við reksturinn á Laugarvatn og aukinn áhugi hefur verið á því hjá íþróttafélögum að leigja aðstöðuna utan skólatíma og nýta hana til fræðslu og æfingabúða fyrir starfsfólk og félagsmenn.

Starfsemi Ungmennabúðanna var takmörkuð í COVID-faraldrinum. Allt starfsfólk þurfti að taka á honum stóra sínum þá. En þökk sé breyttum tímum. Starfsemin er komin á fullt skrið á ný og fullbókað út starfárið.

Á tímabili núverandi stjórnar höfum við lagt áherslu á aukið þjónustustig UMFÍ við sambandsaðila og aðildarfélög. Við höfum látið heyra í okkur. Það er mjög jákvætt fyrir alla. Við tökum þátt í mótun samfélagsins með ritun umsagna við frumvörp til Alþingis. Við leggjum líka mikið á okkur við að auðvelda stjórnendum íþróttahreyfingarinnar að nálgast sakavottorð þjálfara, starfsmanna og fleiri. Við vonumst til þess að með því geri það starf aðildarfélaga auðveldara og erum ávallt tilbúin að hlusta á góðar ábendingar og tillögur um hvernig megi gera enn betur.

Sambandsþingið nú er einstakt á margan hátt. Hér komum við saman og höldum áfram að móta framtíðina. Það liggja áhugaverðar tillögur fyrir þinginu og eins munum við ræða málin í málstofum þar sem gefst færi til að deila hugmyndum, ræða tækifæri og áskoranir.

Við verðum að ræða þessi atriði enda mikilvægt hverjum samtökum að líta inn á við og spegla sig við samtíðina til að geta fótað sig á veginum fram undan.

Margt hefur breyst í mótahaldi íþróttahéraðanna. Við munum flest eftir stórmótum sem héraðssambönd héldu á árum áður. Þetta voru stórir viðburðir sem greyptir eru í minninguna.

En af því að við erum hér stödd á starfssvæðin Héraðssambands Þingeyinga þá langar mig að lesa stutta frásögn af héraðsmóti HSP árið 1952.

„Héraðsmót HSP var háð á Laugum fimmtánda júní síðastliðinn. Veður var kalt og þurrt. Formaður HSP, Ingi Tryggvason, stjórnaði mótinu en Hróar Björnsson var yfirdómari. Á eftir íþróttakeppninni flutti Bragi Sigurjónsson ræðu. Jóhann Konráðsson söng með aðstoð Áskels Jónssonar og Heiðrekur Guðmundsson las upp frumsamin ljóð. Mótið fór hið besta fram en var fremur fásótt.“ Þetta er kannski falleg lýsing og margir sem kannast vafalítið við hana.

Ég tel að framtíð ungmennafélagshreyfingarinnar sé björt. Hún er afar öflug. Ungmennafélagsandinn er víða og öflugur. Hann lyftir andanum. Kraftinn má skynja í nærsamfélaginu og um allt land.

En málefni hreyfingarinnar þurfa að komast ofar á dagskrá. Gleðin í hreyfingu, bætt lýðheilsa og betra samfélag þarf að fá meira rými á Alþingi, sveitarstjórnarfolk þarf að gera sér grein fyrir mikilvægi hreyfingar og lýðheilsu og möguleika íþróttafélaga um allt land til að sinna því. Við höfum verkfærin sem þarf til þess að bregðast við stórum

samfélagslegum áskorunum. Við þurfum að auka samvinnu til að ná til fleiri og deila reynslu.

Lýðheilsa barna hefur verið í umræðunni upp á síðkastið en ég vil einnig benda á hreyfingu eldri borgara. Íþrótt- og ungmennafélagshreyfingin leggur mikið af mörkum til að efla lýðheilsu um allt land en það eru þó tækifæri til að gera enn betur. Þar eru sérfræðingarnir, fólkið sem veit. Fólkið sem hefur viljann til góðra verka.

Ungmennafélagsandinn er alltumlykjandi. Með hann að leiðarljósi og lýðheilsuna í lagi er hægt að koma fólki á hreyfingu, bæta lífsstíl þess og lækka kostnað heilbrigðiskerfisins.

Við í ungmennafélagshreyfingunni erum samfélagslegt afl. Þegar við látum til okkar taka saman er lagt við hlustir. Þegar við brettum upp ermar fara hlutir á hreyfingu. Við erum samfélaginu til góða. Þannig sé ég framtíð ungmennafélagshreyfingarinnar. Hún er björt.

Eins og fram hefur komið þá hef ég ákveðið að gefa ekki kost á mér áfram til formennsku í stjórn UMFÍ. Ég er búinn að sitja í stjórninni í áratug, þar af fjögur sem varaformaður og í sex ár sem formaður. Ég stíg mjög sáttur frá borði. Viðhorf til ungmennafélagshreyfingarinnar er gott, tengslin og samvinnan á milli sambandsaðila sívaxandi. Það endurspeglast í góðum verkum UMFÍ. Ég þakka ekki sjálfum mér fyrir þetta. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, og starfsfólk okkar undir hennar stjórn ber að þakka breytinguna sem við öll finnum fyrir. Ég þakka Auði Ingu og starfsfólki UMFÍ kærlega fyrir samstarfið. Ég þakka líka samstarfið við stjórn UMFÍ, sem hefur verið afar samstíga. Samheldnin innan stjórnar UMFÍ og í ungmennafélagshreyfingunni reyndar allri eykur ánægju okkar sem höfum staðið í fremstu víglínu. Ánægjan skilar því að við erum alltaf tilbúin til að verja stórum hluta af frítíma okkar í störf fyrir ungmennafélagshreyfinguna. Meira að segja aðal starf mitt, hefur farið aftar í röðina í gegnum árin.

En hvað um það. Starfið innan UMFÍ á að vera skemmtilegt. Meira að segja þegar gefur á bátinn og erfið mál eru á borðum. En við megum ekki loka augunum fyrir þeim.

Einu sinni þurfti ég að leita ráða hjá manni sem starfaði lengi innan íþróttahreyfingarinnar. Hann var læknir, eins og ég. En erfitt reyndist stundum að hafa upp á kappanum. Þegar ég hitti loks á hann þá gaf hann mér ráð: „Ef þú þarft að ná í mig, segðu þá við afgreiðsluna hver þú ert og að málið snúist um íþróttir. Þá svara ég örugglega!“ Ég fékk þessar leiðbeiningar lánaðar hjá honum og gaf þær mínu starfsfólki ef einhver þurfti að ná í mig í miðri rótarfyllingu. Þá yrði málið að snúast um UMFÍ.

En nú fer ég kannski að taka töngina og borinn oftur upp á næstunni. Þetta verður síðasta ávarp mitt sem formaður UMFÍ. Ég þakka kærlega fyrir mig og óska ungmennafélagshreyfingunni okkar alls hins besta. Ég veit að hún er í öruggum höndum. Nú tekur framtíðin við.

Haukur sagði svo 52. Sambandsþing Ungmennafélags Íslands sett.

TÓNLISTARATRÍÐI

Stúlknakór frá Húsavík, sá hinn sami og söng lagið Húsavík – My Home Town á Óskarsverðlaunahátíðinni 2021, söng Ísland er land þitt.

KOSNIR STARFSMENN ÞINGSINS

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu um þingforseta og varaþingforseta sem var samþykkt.

Þingforseti

Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Varaþingforseti

Jóhanna S. Kristjánsdóttir

Þingforsetar þökkðu traustið og fóru yfir nokkur praktísk atriði, m.a. vegna sóttvarnarmála. Þingforsetar lögðu fram eftirfarandi tillögu um þingritara, sem var samþykkt:

Þingritarar

Sigurður Óskar Jónsson

Anna R. Möller

Þingforseti lagði fram eftirfarandi tillögu að skipan í kjörbréfanefnd, sem var samþykkt.

KJÖRBRÉFANEFND

Guðríður Aadnegard

Einar Haraldsson

Hjörleifur K. Hjörleifsson

ÁGRIP AF SKÝRSLU STJÓRNAR

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, fór yfir skýrslu stjórnar. Hægt er að kynna sér skýrsluna og efni hennar á vefsíðu UMFÍ, undir fundargerðum.

ÁVÖRP GESTA

Hafsteinn Pálsson, varaforseti ÍSÍ, flutti kveðjur frá forseta ÍSÍ, stjórn og starfsfólki. Hann sagði frá Íþróttáþingi ÍSÍ sem hófst með fjarfundi í maí og lauk í sal um síðustu helgi. Hafsteinn kom inn á að tengingar ÍSÍ og UMFÍ væru miklar og hann vænti þess að samstarf yrði áfram ánægjulegt. Hafsteinn fjallaði einnig um samskiptaráðgjafa íþrotta- og æskulýðsstarfs sem nýlega hefur hafið störf. Hann óskaði þess að þingið yrði starfssamt og gott. Að lokum sæmdi hann Hauk Valtýsson, fráfaramandi formann UMFÍ, gullmerki ÍSÍ.

VIÐURKENNINGAR

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, greindi frá því að stjórn UMFÍ hefði samþykkt að Anna Ragnheiður Möller, sem m.a. sat í stjórn UMFÍ í áratug og Kristján Elvar Yngvason sem m.a. sat í stjórn UMFÍ í fjórtán ár, yrðu gerð að heiðursfélögum UMFÍ. Hann afhenti þeim af því tilefni heiðurskross hreyfingarinnar og var því fagnað með lófataki.

Haukur greindi einnig frá því að stjórn UMFÍ hefði ákveðið að Mývetningarnir Gunnhildur Hinriksdóttir, framkvæmdastjóri HSP, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Jóhanna Kristjánsdóttir, fyrrverandi formaður HSP, yrðu sæmd gullmerki UMFÍ. Gunnhildur og Sigurbjörn Árni eru hjón og Jóhanna er dóttir Kristjáns, sem rétt áður var gerður að heiðursfélaga. Þessu var einnig fagnað með lófataki.

AFHENDING HVATNINGARVERÐLAUNA

Haukur Valtýsson formaður UMFÍ afhenti hvatningarverðlaun UMFÍ 2021 sem að þessu sinni fóru til þriggja aðila.

Annars vegar fékk Ungmennafélagið Fjölirnir hvatningarverðlaun fyrir átakið Áfram lestur. Málfríður Sigurhansdóttir, UMFF, veitti viðurkenningunni viðtöku.

Hins vegar fengu Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag og Ungmennafélagið Njarðvík hvatningarverðlaun fyrir samstarfsverkefni til að auka þátttöku barna með mismunandi stuðningsþarfir, þar sem m.a. var boðið upp á sameiginlegt námskeið í körfubolta og fótbolta. Einar Haraldsson, KEF, og Ólafur Eyjólfsson, UMFN, veittu viðurkenningunum viðtöku.

Laugardagur 16.október

Þingi fram haldið kl. 09:50

KJÖRBRÉFANEFND SKILAR ÁLITI

Guðríður Aadnegard formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Kjörbréf bárust frá 26 sambandsaðilum. Þingfulltrúar á kjörbréfum eru 103 af 124.

ÁRSREIKNINGUR UMFÍ FYRIR 2020 LAGÐUR FRAM

Guðmundur G. Sigurbergsson, gjaldkeri UMFÍ, fór yfir reikninga UMFÍ 2020, sem endurskoðaðir eru að BDO endurskoðunarskrifstofu. Hjá honum kom fram að rekstrarniðurstaða sýndi tekjur umfram gjöld upp á 7.313.361 kr. Eigið fé og skuldir eru 538.223.526 kr. Handbært fé í lok árs er 102.263.237 kr.

UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA UM SKÝRSLU STJÓRNAR

Þórir Haraldsson HSK, þakkar stjórn og starfsfólki fyrir undanfarin ár á undarlegum tímum, m.a. vegna heimsfaraldurs. Margt hefur breyst á síðustu misserum, en hann hefur sérstakar áhyggjur af þátttökunni. Það er orðið erfiðara að fá fólk til starfa, sér í lagi í sjálfbóðaliðastarf. Kröfurnar hafa líka aukist mikið. Auknar kröfur eru á fagmennsku, skrifræði o.fl., sem varla verður leist með öðru en launuðum starfsmönnum. Hann kom líka inn á starf Samskiptafulltrúa íþrótt- og æskulýðsstarfs. Hann fjallaði líka um undirbúning HSK fyrir unglíngalandsmót sem fyrst átti að halda 2020, var svo frestað til 2021 og svo aftur til 2022.

Birgir Gunnlaugsson ÍBR, er ákaflega stoltur af að vera aftur orðinn fulltrúi á UMFÍ þingi eftir langt hlé. Hann er mjög ánægður með inngöngu íþróttabandalaga á síðasta sambandsþingi, sem hefur verið baráttumál í 20 ár. UMFÍ getur nú með sanni sagt Íslandi allt!

Sigfús Ægir Árnason ÍBR, minnst þess að það eru um 20 ár síðan hann og fleiri lögðu fram tillögu að ÍBR myndi sækja um aðild að UMFÍ. Hann fór yfir aðkomu sína og fleiri aðila að þessum málum í gegnum tíðina og lýsti yfir ánægju með að ÍBR væri aðili að UMFÍ.

Kjörbréf borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða

Skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða

Ársreikningur UMFÍ 2020 borinn upp til samþykktar, samþykktur samhljóða

STEFNUMÓTUN UMFÍ

Jóhann Steinar Ingimundarson, varaformaður UMFÍ, kynnti endurskoðaða stefnu hreyfingarinnar. Eldri stefna var frá 2017. Hreyfingin hefur stækkað mikið síðan þá og því nauðsynlegt að uppfæra stefnuna. Ákveðið var að fara ekki í heildarendurskoðun, heldur uppfæra og skerpa á þeirri stefnu sem fyrir var. Leiðarljós í stefnunni voru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 3 (Heilsa og vellíðan), 5 (Jafnrétti kynjanna) og 10 (Aukinn jöfnuður). Samkomutakmarkanir höfðu þó nokkur áhrif á þá fundi sem ætlunin hafði verið að halda víða um land, en hægt var að nýta tæknina og breyta stórum hluta dagskrárinnar í fjarfundi.

Niðurstaða stefnumótunarinnar er sett fram í hlutverki, framtíðarsýn gildi og slagorði félagsins:

Hlutverk:

Starf þeirra félaga sem mynda UMFÍ snýst um að efla, styrkja og byggja upp fólk með íþrótt-, félags- og æskulýðsstarfi. Hlutverk UMFÍ er að styrkja starf sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra ásamt því að hvetja og styðja við bætta lýðheilsu landsmanna.

Framtíðarsýn:

UMFÍ leggur áherslu á almenna þátttöku og lýðheilsu og með stuðningi sambandsins verður starf sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra sterkara og öflugra.

Gildi:

Gleði – Traust – Samvinna

Slagorð:

Ræktun lýðs og lands.

UMFÍ, okkar hreyfing!

Stefnuþættir sem stefnan byggir á eru:

Starfsemi – leiðir – verklag – mannauður – fjármál

Nánar er fjallað um nýja stefnu UMFÍ á vefsíðu UMFÍ, undir lög, reglugerðir og viðurkenningar

MÁL LÖGD FYRIR ÞINGIÐ

Þingforseti las upp númer og heiti tillagnanna og í hvaða nefndir tillögurnar myndu fara.

ÞINGSKJAL NR. 1

Fjárhagsáætlun 2022

Tillaga frá stjórn UMFÍ

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021, samþykkir fjárhagsáætlun UMFÍ 2022.

Heildaryfirlit um rekstur 2022

	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Raun 2020
Rekstrartekjur:			
Ríkisframlag	129.600.000	129.600.000	129.600.000
Lottó og getraunir	232.000.000	197.000.000	302.710.645
Aðrar tekjur	150.846.941	137.710.000	83.407.250
	<u>512.446.941</u>	<u>464.310.000</u>	<u>515.717.895</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	130.978.376	109.671.773	99.191.697
Lottó til sambandsaðila	168.979.982	154.326.500	236.771.409
Annar rekstrarkostnaður	181.288.583	174.798.320	125.790.271
Veittir styrkir	18.800.000	16.650.000	22.588.788
Afskriftir	5.100.000	4.722.600	3.498.000
	<u>505.146.941</u>	<u>460.169.193</u>	<u>487.840.165</u>
Rekstramiðurstaða án fjármagnsliða:	7.300.000	4.140.807	27.877.730
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Fjármagnstekjur	1.100.000	3.000.000	891.495
Fjármagnsgjöld	(1.200.000)	(2.922.000)	(4.033.114)
	<u>(100.000)</u>	<u>78.000</u>	<u>(3.141.619)</u>
Rekstramiðurstaða ársins:	<u>7.200.000</u>	<u>4.218.807</u>	<u>24.736.111</u>

Heildaryfirlit um rekstur 2022

	Heild	Aðalsjóður	Ungmennabúðir	Fræðslu- og verkefnasjóður	Umhverfissjóður
Rekstrartekjur:					
Ríkisframlag	129.600.000	111.804.000	17.796.000		
Lottó og getraunir	232.000.000	215.898.712		16.101.288	
Aðrar tekjur	150.846.941	74.418.941	75.828.000		600.000
	<u>512.446.941</u>	<u>402.121.653</u>	<u>93.624.000</u>	<u>16.101.288</u>	<u>600.000</u>
Rekstrargjöld:					
Laun og launategd gjöld	130.978.376	80.440.049	50.538.328		
Lottó til sambandsaðila	168.979.982	168.979.982			
Annar rekstrarkostnaður	181.288.583	133.256.383	47.557.200	450.000	25.000
Veittir styrkir	18.800.000			18.000.000	800.000
Afskriftir	5.100.000	3.900.000	1.200.000		
	<u>505.146.941</u>	<u>386.576.414</u>	<u>99.295.528</u>	<u>18.450.000</u>	<u>825.000</u>
Rekstramiðurstaða án fjármagnsliða:	7.300.000	15.545.239	(5.671.528)	(2.348.712)	(225.000)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):					
Fjármagnstekjur.....	1.100.000	600.000		350.000	150.000
Fjármagnsgjöld.....	(1.200.000)	(1.200.000)			
	<u>(100.000)</u>	<u>(600.000)</u>		<u>350.000</u>	<u>150.000</u>
Rekstramiðurstaða ársins:	<u>7.200.000</u>	<u>14.945.239</u>	<u>(5.671.528)</u>	<u>(1.998.712)</u>	<u>(75.000)</u>

Vísað til: fjárhagsnefndar

ÞINGSKJAL NR. 2

Þakkartillögur

Tillaga frá stjórn UMFÍ

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi aðilum þakkir:

- Ráðherra mennta- og menningarmála, ríkisstjórn og Alþingi, þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og vekja athygli á því mikilvæga íþróttá- og æskulýðsstarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar.

- Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, Ásmundi Einari Daðasyni, félags- og barnamálaráðherra, ásamt starfsfólki þessara ráðuneyta þakkir fyrir stuðning við starf aðildarfélaganna UMFÍ í heimsfaraldri. Sérstakar þakkir eru færðar vegna úrræðis um launa- og verktakagreiðslur til íþróttafélaga sem enn er í gildi og hefur nýst mjög vel til að halda starfsemi félaganna gangandi.
- Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands, stjórn og starfsfólki, þakkir fyrir gott samstarf á árinu og vel unnin störf. Sérstakar þakkir sendir UMFÍ til Líneyjar Rutar Halldórsdóttur sem hefur nýlega látið af störfum sem framkvæmdastjóri samtakanna. Þá hvetur Sambandsþing UMFÍ til áframhaldandi aukins samstarfs á komandi árum.
- Stjórn og stjórnendum Íslenskrar Getspár og getrauna, þakkir fyrir aukaúthlutanir frá fyrirtækjunum til eignaraðila á tímum heimsfaraldurs.
- Fulltrúum HSK og Sveitarfélagsins Árborgar í undirbúningsnefnd fyrir Unglingalandsmót UMFÍ fyrir þolinmæði og þrautseigju við undirbúning Unglingalandsmóts 2020 og 2021 sem frestað hefur verið á lokastigum undirbúnings.
- Fulltrúum UMSK og Kópavogsbæjar í undirbúningsnefnd fyrir íþróttaveislu UMFÍ fyrir þolinmæði og þrautseigju við undirbúning íþróttaveislu 2020 og 2021 sem frestað var tvisvar sinnum vegna heimsfaraldurs.
- Fulltrúum UMSB og Borgarbyggðar í undirbúningsnefnd fyrir Unglingalandsmót UMFÍ fyrir þolinmæði og þrautseigju við undirbúning Landsmóts UMFÍ 50+ 2020 og 2021 sem frestað hefur verið á lokastigum undirbúnings.
- Æskulýðsvettvangnum og aðildarfélögum hans fyrir vel unnin störf og hvatningu til áframhaldandi góðra verka.
- Samskiptafulltrúa íþróttta- og æskulýðsstarfs fyrir gott samstarf á árinu og hvatningu til þess að halda áfram vinnu um samræmingu viðbragðsáætlaana.

Vísað til: allsherjarnefndar

ÞINGSKJAL NR. 3**Hvatningartillögur****Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi til sambandsaðila:

- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 23. Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi 2022.
- Hvetja sambandsaðila til að mæta á Íþróttaveislu í Kópavogi 2022.
- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 10. Landsmót UMFÍ 50+ í Borgarnesi 2022.
- Hvetja sambandsaðila til að nýta sér þá möguleika sem eru í boði á vegum Rannís (Erasmus) til að efla starfið á sínu svæði.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér Æskulýðsvettvanginn og nýta sér þau verkefni sem hann hefur upp á að bjóða.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér starfsemi samskiptaráðgjafa fyrir íþrótta- og æskulýðsstarf.
- Hvetja sambandsaðila til aukins samstarfs við rannsóknar- og háskólasamfélagið.

Vísað til: allsherjarnefndar

ÞINGSKJAL NR. 4**Lagabreytingar****Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir eftirfarandi breytingar á 7., 9., 10. og 11. grein í lögum UMFÍ.

Greinargerð: Tillögur að lagabreytingum eru settar fram til þess að lagfæra framsetningu og orðalag í flestum tilfellum. Í 7. grein eru breyting á orðalagi. Í 9. grein eru efnislegar viðbætur varðandi skil á kjörbréfum en að öðru leyti um breytingar á framsetningu og orðalagi að ræða en ekki efnislegar breytingar á fjölda fulltrúa. Stjórn leggur til breytingar á 10. grein varðandi sambandsráðsfund þar sem markmiðið er að skýra þær og samræma við reglur um Sambandsþing. Í 11. grein eru breytingar á orðalagi.

Viðbætur eru undirstrikaðar og skáletraðar en texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður.

7. grein

Hvert aðildarfélag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum skattskyldum ~~félagsmanni~~ *félaga* eftir ákvörðun Sambandsþings og skilar því fyrir lok aprilmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda rafrænt í þar til gert félagaskýrslukerfi UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert

9. grein

Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til Sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvert ár.

Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir Sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Sambandsaðilar skulu skila inn kjörbréfum viku fyrir þing.

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til Sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skal skila í síðasta lagi 15. apríl það ár sem þing er haldið sem hér segir:

1 fulltrúa fyrir 1-200 skattskylda félaga

2 fulltrúa fyrir 201 –1999 skattskylda félaga

3 fulltrúar fyrir 2000-2999 skattskylda félaga

4 fulltrúar fyrir 3000-3999 skattskylda félaga

5 fulltrúar fyrir 4000-4999 skattskylda félaga

6 fulltrúar fyrir 5000-5999 skattskylda félaga

7 fulltrúar fyrir 6000-6999 skattskylda félaga

8 fulltrúar fyrir 7000-7999 skattskylda félaga

9 fulltrúar fyrir 8000-8999 skattskylda félaga

10 fulltrúar fyrir 9000 og fleiri skattskylda félaga

~~1 fulltrúa fyrir 1 – 200 skattskyldra félaga.~~

~~1 fulltrúa fyrir 201 – 1000 skattskyldra félaga og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 1000 skattskyldra félaga þar yfir en þó að Þingfulltrúar geta að hámarki verið 7 fulltrúar með beina aðild og 10 fulltrúar frá öðrum sambandsaðilum. Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn íþróttahéraða eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.~~

Sambandsþing er lögmett ef löglega er til þess boðað og mættur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

Verkefni Sambandsþings skulu m.a. vera:

- Ræða skýrslur liðins kjörtímabils.
- Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, (almanaksárið), sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.
- Marka stefnu UMFÍ á komandi árum.

- Kjósa formann UMFÍ, 6 fulltrúa í stjórn ~~stjórnarmenn~~ og 4 fulltrúa í varastjórn ~~varastjórnarmenn~~
- Kjósa 5 fulltrúa og 2 fulltrúa til vara ~~aðalmenn og tvo varamenn~~ í kjörnefnd,
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Velja endurskoðunarfélag fyrir UMFÍ

Aukaping er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess og skal það þá boðað eftir lögum um boðun Sambandsþings.

10. grein

Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli Sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar.

Stjórn skal boða skriflega til sambandsráðsfundar með a.m.k. 4 vikna fyrirvara og skal hann haldinn fyrir 15. nóvember annað hvert ár.

Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera:

- Ræða skýrslur næstliðins árs.
- Afgreiða reikninga liðins árs, sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

~~Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta Sambandsþing til afgreiðslu.~~

- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Velja endurskoðunarfélag fyrir UMFÍ
- Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

Auka sambandsráðsfund er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess. Einnig getur stjórn kallað til auka sambandsráðsfundar og skal fundurinn boðaður eftir lögum um boðun sambandsráðsfunds.

11. grein

Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir í stjórn ~~stjórnarmenn~~ í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs.

Varastjórn skipa fjórir einstaklingar og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn.

Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm einstaklinga í kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta Sambandsþings.

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi

hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar.

Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu fulltrúar frá hverju kjördæmi. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri en einn úr hverju kjördæmi.

Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar.

Stjórn kys úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá einstaklinga og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda.

Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi.

Verkefni stjórnar skulu vera:

- Stýra málefnum UMFÍ milli þinga.
- Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar.
- Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar.
- Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.

ÞINGSKJAL NR. 5

Áskorun til stjórnvalda Tillaga frá stjórn UMFÍ

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir að skora á stjórnvöld og nýja ríkisstjórn að veita forystu átaki á landsvísu með íþrótt- og ungmennafélagshreyfingunni til þess að efla lýðheilsu landsmanna.

Greinargerð: UMFÍ og ÍSÍ skipuðu vinnuhóp sem hefur skilað skýrslu um átaksverkefni til þess að efla lýðheilsu landsmanna. Verkefnið yrði samstarfsverkefni stjórnvalda og íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar ásamt fleiri samstarfsaðilum. Í vinnu starfshópsins var horft til sambærilegs verkefnis sem komið var af stað í samvinnu átta ráðuneyta í Danmörku við þarlendu íþróttasamtökin DIF og DGI. Starfsemi, þekking og aðstaða í íþrótt- og ungmennafélögum um allt land er gríðarlega mikil og öflug og því er frábært tækifæri til þess að efla og bæta lýðheilsu landsmanna á sama tíma og starfsemi félaganna yrði eflað enn frekar en nú er og þjónustuframboð þeirra fjölbreyttara.

Vísað til: allsherjarnefndar

**Reglugerð um Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ
Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ

Greinargerð: Tillögur að breytingum eru gerðar í framhaldi af tillögum og ábendingum sem borist hafa frá aðildarfélögum og sjóðsstjórn. Einnig er um að ræða samræmingu á reglugerðum umhverfissjóðs og fræðslu- og verkefnasjóðs.

Viðbætur eru undirstrikaðar og skáletraðar en texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður.

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ**1. grein – Heiti sjóðsins**

Sjóðurinn heitir Fræðslu- og verkefnasjóður Ungmennafélags Íslands.

2. grein – Tilgangur

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar í samræmi við stefnu UMFÍ, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

3. grein – Skipan og hlutverk stjórnar

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Stjórn UMFÍ skipar stjórn sjóðsins milli þinga. Kjörtímabil sjóðsstjórnar er samhlíða kjörtímabili stjórnar UMFÍ, eða tvö ár. Verkefni sjóðsstjórnar er að úthluta fé úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.

Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð styrkja hverju sinni og setur sér nánari vinnureglur varðandi úthlutun.

4. grein – Fjármagn

Tekjur og ráðstöfunarfé sjóðsins skulu vera ákveðinn hundraðshluti af lottótekjum samkvæmt reglugerð um úthlutun lottótekna, nú 7%, frjáls framlög einstaklinga og félaga, eigin vaxtatekjur og aðrar fjáraflanir sem henta þykja hverju sinni. Sjóðsstjórn er heimilt að leita eftir viðbótarfjármagni frá öðrum aðilum.

5. grein – Umsóknir

Úthlutun úr sjóðnum fer fram tvisvar á ári. Umsóknir skulu berast skrifstofu UMFÍ, á þar til gerðu eyðublaði. Skilafrestur umsókna er annars vegar til og með 1. maí og hins vegar til og með 1. nóvember ár hvert. Þurfa að berast til og með 1. apríl og til og með 1. október. Sjóðsstjórn skal úthluta úr sjóðnum í síðasta lagi mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni og setur sér nánari vinnureglur varðandi úthlutun.

Fyrir hverja úthlutun skal sjóðsstjórn auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn með því að senda kynningarpóst á sambandsaðila, setja auglýsingu á vef UMFÍ og á öðrum opinberum vettvangi í fjölmiðla. Í auglýsingum eftir umsóknum í sjóðinn skal fylgja með slóð á

vefsíðu UMFÍ. Þar komi fram nánari upplýsingar um sjóðinn, og yfirlit yfir þá styrkþega, styrkuppþæðir og verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði og leita umsagna annarra aðila. Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar. Verði umsókn samþykkt til styrkveitingar skal sjóðsstjórnin ákveða hversu háan styrk viðkomandi verkefni hlýtur. Sjóðsstjórn er ekki skylt að rökstyðja ákvarðanir sínar.

6. grein – Skilyrði

Rétt til styrkveitingar að sækja um styrk úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sambandsaðilar UMFÍ, aðildarfélög sem eru virkir í starfi og deildir innan þeirra. Hafa uppáskrift síns félags eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sínu sérsviði sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélagshreyfingunni í heild.

Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlegra verkefna hreyfingarinnar.

Sjóðurinn styrkir ekki tækja-, áhalda- og búnaðarkaup, fundakostnað (þ.m.t. veitingar) og almennan rekstur félaga. Sjóðsstjórn er heimilt að kveða nánar á um þetta í vinnureglum sínum, sbr. 3. gr.

7. grein – Uppgjör

Allir Öllum sem hljóta styrk úr sjóðnum er skylt að skila skýrslu til UMFÍ eftir að verkefninu lýkur, um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. Skýrslunni skal einnig fylgja afrit af reikningum fyrir útlögðum kostnaði. Styrkir eru einungis greiddir út til félaga innan UMFÍ, ekki til einstaklinga. Hafi styrkur ekki verið sóttur ~~1224~~ mánuðum eftir úthlutun fellur hann niður.

8. grein – Reikningar sjóðsins

Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. sé er gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Rekstrar- og efnahagsreikningur sjóðsins skal birta árlega í ársskýrslu UMFÍ, sem lögð er fram á Sambandsþingi og sambandsráðsfundi.

Það endurskoðunarfélag sem sinnir endurskoðun reikninga UMFÍ hverju sinni, er jafnframt endurskoðunarfélag sjóðsins.

9. grein

Skoðunarmenn UMFÍ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

109. grein – Gildistími og breytingar

Breytingar á reglugerð þessari skulu samþykktar af stjórn UMFÍ. Reglugerð þessari verður aðeins breytt á Sambandsþingi UMFÍ og þarf að hljóta 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Samþykkt á ~~5052~~. Sambandsþingi UMFÍ ~~2017~~ 2021 á ~~Hallormsstað~~ Húsavík.

Vísad til: laganefndar

Reglugerð um Umhverfissjóð UMFÍ, minningarsjóð Pálma Gíslasonar Tillaga frá stjórn UMFÍ

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um Umhverfissjóð UMFÍ, minningarsjóð Pálma Gíslasonar

Greinargerð: Tillögur að breytingum eru gerðar í framhaldi af tillögum og ábendingum sem borist hafa frá aðildarfélögum og sjóðsstjórn. Einnig er um að ræða samræmingu á reglugerðum um umhverfissjóð og fræðslu- og verkefnasjóð.

Viðbætur eru undirstrikaðar og skáletraðar en texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður.

1. grein - Heiti sjóðsins

Sjóðurinn heitir „Umhverfissjóður UMFÍ – Minningarsjóður Pálma Gíslasonar“ en Pálmi var formaður UMFÍ 1979–1993. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík. Sjóðurinn er vistaður hjá Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ), Sigtúni 42, 105 Reykjavík. UMFÍ sér um að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmasta hátt.

2. grein - Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga ~~eða einstaklinga~~ innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Horfa skal til verkefna er tengjast yngra fólki og verkefna sem stuðla að auknum tengslum við náttúru landsins.

Líta ber til misjafns aðgengis félaga að fjármagni til verkefna og að mótframlagi félaga heima í héraði til verkefna, auk nýjunga í umhverfisverndun og nýtingu.

3. grein. - Um sjóðinn

Stofnendur sjóðsins eru fjölskylda Pálma Gíslasonar, ungmennafélagshreyfingin og aðrir velunnarar.

Höfuðstóll sjóðsins skal eigi vera lægri en 5.000.000 kr. og vera tengdur vísitölu neyðsluverðs í október 2015. Sjóðnum skulu tryggðar að lágmarki 600.000 kr. árlega sem greiddar verði af UMFÍ. Framlag UMFÍ er ákveðið í fjárhagsáætlun ár hvert.

4. grein - Skipan og hlutverk sjóðsins

Sjóðsstjórn skal skipuð einum fulltrúa frá fjölskyldu Pálma Gíslasonar, formanni UMFÍ og þremur fulltrúum skipuðum af stjórn UMFÍ, ~~þar af að minnsta kosti einum frá Umhverfisnefnd.~~

Kjörtímabil sjóðsstjórnar er samhlíða kjörtímabili stjórnar UMFÍ, eða tvö ár. Verkefni sjóðsstjórnar er að úthluta fé úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.

Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð styrkja hverju sinni og setur sér nánari vinnureglur varðandi úthlutun.

5. grein - Umsóknir

Úthlutað skal úr sjóðnum einu sinni á ári. Úthlutunareglur: Umsóknir skulu berast skrifstofu UMFÍ, á þar til gerðu eyðublaði, á umsóknarblöðum sem finnast á heimasíðu UMFÍ og skilast til þjónustumiðstöðvar UMFÍ, Sigtúni 42, 105 Reykjavík.

Skilafrestur umsókna er Umsóknir skulu berast fyrir til og með 15. apríl ár hvert. Sjóðsstjórn skal úthluta úr sjóðnum í síðasta lagi mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út. Tilkynnt skal um styrkveitingar fyrir 15. maí sama ár. Skilyrði þess að geta fengið styrk úr sjóðnum er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og að verkefnið sé umhverfisverkefni.

Auglýst skal eftir styrkþegum á heimasíðu UMFÍ, Skinfaxa og öðrum málögögnum UMFÍ. Ekki skal úthlutað meiru en sem nemur 90% af árlegri ávöxtun sjóðsins. Fyrir hverja úthlutun skal auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn með því að senda kynningarpóst á sambandsaðila, setja auglýsingu á vef UMFÍ og á öðrum opinberum vettvangi. Í auglýsingum eftir umsóknum í sjóðinn skal fylgja með slóð á vefsíðu UMFÍ. Þar komi fram nánari upplýsingar um sjóðinn, og yfirlit yfir þá styrkþega, styrkupphæðir og verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði og leita umsagna annarra aðila. Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar. Verði umsókn samþykkt til styrkveitingar skal sjóðsstjórnin ákveða hversu háan styrk viðkomandi verkefni hlýtur. Sjóðsstjórn er ekki skýlt að rökstyðja ákvarðanir sínar.

6. grein – Skilyrði

Rétt til að sækja um styrk úr sjóðnum eiga sambandsaðilar UMFÍ, aðildarfélög sem eru virkir í starfi og deildir innan þeirra. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlegra verkefna hreyfingarinnar.

6. 7. grein - Uppgjör

Allir Öllum sem hljóta styrk úr sjóðnum er skýlt að skila skýrslu til UMFÍ eftir að verkefninu lýkur, um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. Skýrslunni skal einnig fylgja afrit af reikningum fyrir útlögðum kostnaði. Styrkir eru einungis greiddir út til félaga innan UMFÍ, ekki til einstaklinga. Hafi styrkur ekki verið sóttur ~~12~~ 24 mánuðum eftir úthlutun fellur hann niður.

Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til sjóðsstjórnar um nýtingu styrksins, fyrirkomulag og árangur, fyrir lokagreiðslu, sem ekki sé meiri en 30% af styrknum.

7. 8. grein - Reikningar sjóðsins

Sjóðsstjórn skal skila árlega skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. sé er gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Rekstrar- og efnahagsreikning sjóðsins Skýrsluna skal birta árlega í ársskýrslu UMFÍ, sem lögð er fram á Sambandsþingi og sambandsráðsfundi.

Það endurskoðunarfélag sem sinnir endurskoðun reikninga UMFÍ hverju sinni, er jafnframt endurskoðunarfélag sjóðsins.

8. grein:

Skoðunarmenn UMFÍ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

9. grein:

Höfuðstóll sjóðsins skal eigi vera lægri en 5.000.000 kr. og vera tengdur vísitölu neysluverðs í október 2015. Sjóðnum skulu tryggðar að lágmarki 600.000 kr. árlega sem greiddar verði af UMFÍ. Framlag UMFÍ er ákveðið af stjórn ár hvert.

10. 9. grein - Gildistími og breytingar

Breytingar á reglugerð þessari skulu samþykktar af stjórn UMFÍ. Reglugerð þessi tekur þegar gildi. Breytingar á reglugerðinni þurfa að hljóta samþykki einfalds meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ.

Samþykkt á ~~5052~~. Sambandsþingi UMFÍ ~~2017~~ 2021 á ~~Hallormsstað~~ Húsavík.

Vísad til: *laganefndar*

ÞINGSKJAL NR. 8

Aðild að UMFÍ Tillaga frá stjórn UMFÍ

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir að vísa eftirfarandi félögum með beina aðild úr samtökunum í samræmi við 5. grein laga UMFÍ.

Ungmennafélagið Óðinn

Ungmennafélagið Víkverji

Greinargerð: Félögin hafa hvorki tekið þátt í starfi samtakanna né skilað gögnum til þeirra að minnsta kosti síðastliðin 10 ár.

Vísad til: *allsherjarnefndar*

ÞINGSKJAL NR. 9

Aðild að UMFÍ Tillaga frá stjórn UMFÍ

52. Sambandsþing UMFÍ, haldið á Húsavík 15.-17.október 2021 samþykkir að veita stjórn UMFÍ heimild til að samþykkja þau íþróttabandalög sem sambandsaðila sem ekki eru aðilar að samtökunum í dag ef umsókn þeirra um inngöngu berst.

Greinargerð:

Samkvæmt 6.gr. laga nr. 64/1998 í íþróttalögum annast ÍSÍ og UMFÍ skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum. Þá er meðal markmiða í íþróttastefnu að íþróttahéruð verði endurskipulögð og hlutverk þeirra skilgreind að nýju. Eigi UMFÍ að sinna uppbyggingu og

stjórnskipulagi þeirra telur stjórn UMFÍ æskilegt að íþróttahéruðin séu öll aðilar að samtökunum.

Stjórn UMFÍ styður að öll íþróttahéruð landsins eigi aðild að UMFÍ og telur marga kosti fylgja því að öll íþróttahéruð séu innan samtakanna. Fjögur íþróttahéruð (íþróttabandalög) af 25 eiga ekki aðild að UMFÍ en þó eru félög á starfssvæði þeirra með aðild að UMFÍ.

Bent hefur verið á mikilvægi þess að fá fram sjónarmið allra íþróttahéraða í ljósi þeirra breytinga sem þarf að vinna að varðandi íþróttastefnuna og íþróttahéruð en einnig varðandi skiptingu fjármuna frá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum. Nokkrar ástæður geta verið fyrir því að ekki hefur borist umsókn s.s. Covid tímabilið, ekki er fyrirbyggjandi samþykki þings/stjórnar viðkomandi bandalaga til umsóknar.

Vísad til: allsherjarnefndar

ÞINGSKJAL NR. 10**Getspá og getraunir
Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 hvetur sambandsaðila til þess að standa vörð um starfsemi fyrirtækjanna Íslenskrar getspár og Íslenskar getraunir. Þingið skorar á yfirvöld að grípa til aðgerða gegn ólöglegri starfsemi veðmálafyrirtækja hér á landi.

Greinargerð: Íslensk getspá og Íslenskar getraunir eru mikilvæg tekjuöflun fyrir hreyfinguna og hafa greiðslur til hreyfingarinnar aldrei verið hærrí en undanfarna mánuði. Engu að síður eru veðmálafyrirtæki með starfsemi hér á landi án þess að hafa tilskilin leyfi. Í ljósi þessa eru yfirvöld hvött til að grípa til aðgerða gegn þessum fyrirtækjum sem greiða ekki skatta eða skyldur til samfélagsins hér á landi.

Vísad til: fjárhagsnefndar

ÞINGSKJAL NR. 11**Endurskoðunarfélag
Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir að BDO ehf. sjái um endurskoðun UMFÍ fyrir árið 2021.

Greinargerð: Tillagan er lögð fram í samræmi við 9. grein laga UMFÍ þar sem kveðið er á um að á meðal verkefna þings sé að kjósa endurskoðunarfélag samtakanna.

Vísad til: fjárhagsnefndar

ÞINGSKJAL NR. 12**Árgjald
Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir að innheimta ekki árgjald af skattskyldum félögum árið 2022.

Greinargerð: Tillagan er lögð fram í samræmi við 7. grein laga UMFÍ þar sem kveðið er á um að meðal verkefna þings sé að ákveða árgjald sambandsaðila og aðildarfélaga.

Vísad til: fjárhagsnefndar

ÞINGSKJAL NR. 13**Reglugerð um lottó og lottóúthlutanir
Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um lottóreglur og lottóúthlutanir.

Greinargerð: Á Sambandsþingi UMFÍ 2019 var aðild íþróttabandalaga að UMFÍ samþykkt. Í tengslum við aðildina var samþykkt eftirfarandi breyting á reglugerð um lottó.

VII. Nýir sambandsaðilar. Reglur þessar eiga eingöngu við um þau héraðssambönd, ungmennasambönd og ungmennafélög með beina aðild sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2018. Aðrir sambandsaðilar að UMFÍ fá ekki úthlutað lottófé frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandaaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum þessum til samræmis við það samkomulag en til þess þarf aukinn meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ, í samræmi við 16. grein laga UMFÍ.

Nefnd sem í sitja fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ hefur verið að störfum frá árinu 2019. Nefndin hefur skoðað málið frá mörgum hliðum. Nefndin vinnur að sameiginlegri lausn þar sem jafnræði og réttlæti innan íþróttahreyfingarinnar er leiðarljós í störfum nefndarinnar.

Meðfylgjandi tillaga byggir á sömu forsendum og tillagan sem er til afgreiðslu á þingi ÍSÍ enda er markmiðið að vinna að sameiginlegri niðurstöðu og því eðlilegt að sama tillagan sé til umfjöllunar hjá báðum samtökum.

Nefndin er enn að störfum og búast má við að ef gerðar verði breytingatillögur á þingi ÍSÍ sem fram fer 9. október næstkomandi yrðu þær tillögur einnig bornar fram á þingi UMFÍ.

I. Skipting lottótekna UMFÍ:

1. 79% til sambandsaðila.
2. 14% til UMFÍ.
3. 7% til fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ:

1. ~~12%~~20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. ~~88%~~ 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. ~~40%~~ er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:

Skilyrði fyrir úthlutun hvers árs úr jafna hlutanum er að fulltrúi sambandsaðila hafi mætt á síðastliðið Sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þá sambandsaðila sem mættu á síðastliðið Sambandsþing/sambandsráðsfund. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting sambandsaðila sem hér segir:

Einn hlutur: ~~Íþróttahéruð héraðssambönd.~~

30% af hlut: Keflavík Íþróttta- og ungmennafélag, UMFN, UMFG, ~~UMFF~~, UMFÞ og UFA.

10% af hlut: ~~UMFÓ, USK, UMFK, Umf. Vesturhlíð og Umf. Víkverji.~~

IV. Regla vegna íbúafjölda:

Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda þannig að félagsmannafjöldi félags með beina aðild er margfaldaður með 1,7. Niðurstaðan er tala sem myndar íbúafjölda þeirra. Þessi reiknaði íbúafjöldi verður þó aldrei hærri en raunverulegur íbúafjöldi á félagssvæði viðkomandi félags skilgreint samkvæmt lögum þess eða skilgreindu starfssvæði þess sem sveitarfélagið setur því. Samanlagður íbúafjöldi tveggja eða fleiri félaga sem starfa innan sama sveitarfélags getur þó aldrei orðið hærri en íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags.

V. Regla vegna félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagaskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert.

VI. Aðrir forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMFÍ kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMFÍ skal setja vinnureglur þar að lútandi sem taki m.a. tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMFÍ.

Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla, sem hefur verið fryst í tvö ár, rennur í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af Hagstofu Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma. Ekkert ~~Íþróttahéruð héraðssambönd~~ eða félag með beina aðild getur fengið herra hlutfall en 30% af lottóúthlutuninni.

VII. Nýir sambandsaðilar:

Reglur þessar eiga eingöngu við um þau héraðssambönd, ungmennasambönd og ungmennafélög með beina aðild sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2018. Aðrir sambandsaðilar að UMFÍ fá ekki úthlutað lottófé frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandsaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum þessum til samræmis við það samkomulag en til þess þarf aukinn meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ, í samræmi við 16. grein laga UMFÍ.

VIII. Um úthlutun:

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilgrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Bráðabirgðaákvæði

UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Samþykkt á 52 ~~51~~. Sambandsþingi UMFÍ ~~2021~~2019 á Húsavík ~~Laugarbakka~~.

Vísad til: *laganefndar*

ÞINGSKJAL NR. 14

Húsnæðismál Tillaga frá stjórn UMFÍ

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 heimilar stjórn UMFÍ að selja húseign samtakanna að Sigtúni 42 ef ásættanlegt tilboð berst með vísan til fyrri samþykktar sambandsráðsfundar á Ísafirði þann 20. október 2018. Jafnframt er stjórn heimilað að kaupa nýtt húsnæði sem hentar starfsemi samtakanna. Auk þess er stjórn heimilt að taka á leigu húsnæði til skamms tíma, ef ásættanlegt húsnæði finnst ekki.

Þeir fjármunir sem fást fyrir fasteign samtakanna skulu ávaxtaðir með kaupum á ríkisskuldabréfum. Stjórn UMFÍ er ekki heimilt að ráðstafa söluandvirði Sigtúns 42 til annars en kaupa á framtíðarhúsnæði fyrir starfsemi hreyfingarinnar.

Verði söluandvirði Sigtúns 42 hærra en nemur kaupverði nýs húsnæðis skal ákvörðun um ráðstöfun eftirstöðva tekin á Sambandsþingi eða Sambandsráðsfundi, eftir því hvor kemur fyrir.

Vísad til: *fjárhagsnefndar*

Tillaga að skipan þingfulltrúa í nefndir:

Allsherjarnefnd

Formaður: Helga Guðrún Guðjónsdóttir

Starfsmaður nefndar: Sabína Steinunn Halldórsdóttir

Fjárhagsnefnd

Formaður: Jónas Egilsson

Starfsmaður nefndar: Iðunn Bragadóttir

Laganefnd

Formaður: Þorvaldur Gröndal

Starfsmaður nefndar: Sigurður Guðmundsson

Aðrir þingfulltrúar mega velja sér nefndir.

Nefndarstörf

Þingforseti lagði fram tillögu að lítillægri breytingu á auglýstri dagskrá, um að umræður og afgreiðsla þingskjala fari fram samhliða liðnum Nefndir skila álitum. Tillagan var samþykkt með þorra atkvæða.

NEFNDIR SKILA ÁLITI

Tillögur frá Allsherjarnefnd – Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður nefndarinnar, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

ÞINGSKJAL NR. 2

Þakartillögur Tillaga frá stjórn UMFÍ

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi aðilum þakkir:

- Ráðherra mennta- og menningarmála, ríkisstjórn og Alþingi, þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og vekja athygli á því mikilvæga íþrótt- og æskulýðsstarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar.
- Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, Ásmundi Einari Daðasyni, félags- og barnamálaráðherra, ásamt starfsfólki þessara ráðuneyta þakkir fyrir stuðning við starf aðildarfélag UMFÍ í heimsfaraldri. Sérstakar þakkir eru færðar vegna úrræðis um launa- og verktakagreiðslur til íþróttafélaga sem enn er í gildi og hefur nýst mjög vel til að halda starfsemi félaganna gangandi.
- Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, stjórn og starfsfólki, þakkir fyrir gott samstarf á árinu og vel unnin störf. Sérstakar þakkir sendir UMFÍ til Líneyjar Rutar Halldórsdóttur sem hefur nýlega látið af störfum sem framkvæmdastjóri samtakanna. Þá hvetur Sambandsþing UMFÍ til áframhaldandi aukins samstarfs á komandi árum.
- Stjórn og stjórnendum Íslenskrar Getspár og getrauna, þakkir fyrir aukaúthlutanir frá fyrirtækjunum til eignaraðila á tímum heimsfaraldurs.
- Fulltrúum HSK og Sveitarfélagsins Árborgar í undirbúningsnefnd fyrir Unglingalandsmót UMFÍ fyrir þolinmæði og þrautseigju við undirbúning Unglingalandsmóts 2020 og 2021 sem frestað hefur verið á lokastigum undirbúnings.
- Fulltrúum UMSK og Kópavogsbæjar í undirbúningsnefnd fyrir íþróttaveislu UMFÍ fyrir þolinmæði og þrautseigju við undirbúning íþróttaveislu 2020 og 2021 sem frestað var tvisvar sinnum vegna heimsfaraldurs.

- Fulltrúum UMSB og Borgarbyggðar í undirbúningsnefnd fyrir Landsmóts UMFÍ 50+ UMFÍ fyrir þolinmæði og þrautseigju við undirbúning Landsmóts UMFÍ 50+ 2020 og 2021 sem frestað hefur verið á lokastigum undirbúnings.
- Æskulýðsvettvangnum og aðildarfélögum hans fyrir vel unnin störf og hvatningu til áframhaldandi góðra verka.
- Samskiptafulltrúa íþrótta- og æskulýðsstarfs fyrir gott samstarf á árinu og hvatningu til þess að halda áfram vinnu um samræmingu viðbragðsáætlana.
- **Sjálfbodaliðum UMFÍ er þakkað sérstaklega fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu hreyfingarinnar.**

Lagt fram með viðbættum neðsta punktinum.

Samþykkt samhljóða

ÞINGSKJAL NR. 3

Hvatningartillögur Tillaga frá stjórn UMFÍ

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi til sambandsaðila:

- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 23. Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi 2022.
- Hvetja sambandsaðila til að mæta á Íþróttaveislu í Kópavogi 2022.
- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 10. Landsmót UMFÍ 50+ í Borgarnesi 2022.
- Hvetja sambandsaðila til að nýta sér þá möguleika sem eru í boði á vegum Rannís (Erasmus) til að efla starfið á sínu svæði.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér Æskulýðsvettvanginn og nýta sér þau verkefni sem hann hefur upp á að bjóða.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér starfsemi samskiptaráðgjafa fyrir íþrótta- og æskulýðsstarf.
- Hvetja sambandsaðila til aukins samstarfs við rannsóknar- og háskólasamfélagið.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna skattaávilnanir sem taka gildi 1. nóvember 2021.

Lagt fram með viðbættum neðsta punktinum.

Samþykkt samhljóða

ÞINGSKJAL NR. 5**Áskorun til stjórnvalda
Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir að skora á stjórnvöld og nýja ríkisstjórn að veita forystu átaki á landsvísu með íþrótt- og ungmennafélagshreyfingunni til þess að efla lýðheilsu landsmanna.

Greinargerð: UMFÍ og ÍSÍ skipuðu vinnuhóp sem hefur skilað skýrslu um átaksverkefni til þess að efla lýðheilsu landsmanna. Verkefnið yrði samstarfsverkefni stjórnvalda og íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar ásamt fleiri samstarfsaðilum. Í vinnu starfshópsins var horft til sambærilegs verkefnis sem komið var af stað í samvinnu átta ráðuneyta í Danmörku við þarlandu íþróttasamtökin DIF og DGI. Starfsemi, þekking og aðstaða í íþrótt- og ungmennafélögum um allt land er gríðarlega mikil og öflug og því er frábært tækifæri til þess að efla og bæta lýðheilsu landsmanna á sama tíma og starfsemi félaganna yrði eflað enn frekar en nú er og þjónustuframboð þeirra fjölbreyttara.

Óbreytt tillaga úr nefnd

Samþykkt samhljóða

ÞINGSKJAL NR. 8**Aðild að UMFÍ
Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir að vísa eftirfarandi félögum með beina aðild úr samtökunum í samræmi við 5. grein laga UMFÍ.

Ungmennafélagið Óðinn

Ungmennafélagið Víkverji

Greinargerð: Félögin hafa hvorki tekið þátt í starfi samtakanna né skilað gögnum til þeirra að minnsta kosti síðastliðin 10 ár.

Óbreytt tillaga úr nefnd

Jónas Egilsson HSP, minntist veru sinnar í Ungmennafélaginu Víkverja og nefndi að HSP stæði í svipuðum málum á sínu heimasvæði. Hann velti líka fyrir sér hvaða skilyrði félag þarf að uppfylla til að teljast virkt.

Einar Kristján Jónsson Vesturhlíð, spurði hvort stjórn og skrifstofa UMFÍ hefðu reynt að blása lífi í viðkomandi félög.

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ, svaraði því að vissulega hefði verið haft samband við forsvarsmenn viðkomandi félaga.

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur.

ÞINGSKJAL NR. 9

**Aðild að UMFÍ
Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52.Sambandsþing UMFÍ, haldið á Húsavík 15.-17.október 2021 samþykkir að veita stjórn UMFÍ heimild til að samþykkja þau íþróttabandalög sem sambandsaðila sem ekki eru aðilar að samtökunum í dag ef umsókn þeirra um inngöngu berst.

Greinargerð:

Samkvæmt 6.gr. laga nr. 64/1998 í íþróttalögum annast ÍSÍ og UMFÍ skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum. Þá er meðal markmiða í íþróttastefnu að íþróttahéruð verði endurskipulögð og hlutverk þeirra skilgreind að nýju. Eigi UMFÍ að sinna uppbyggingu og stjórnskipulagi þeirra telur stjórn UMFÍ æskilegt að íþróttahéruðin séu öll aðilar að samtökunum.

Stjórn UMFÍ styður að öll íþróttahéruð landsins eigi aðild að UMFÍ og telur marga kosti fylgja því að öll íþróttahéruð séu innan samtakanna. Fjögur íþróttahéruð (íþróttabandalög) af 25 eiga ekki aðild að UMFÍ en þó eru félög á starfssvæði þeirra með aðild að UMFÍ.

Bent hefur verið á mikilvægi þess að fá fram sjónarmið allra íþróttahéraða í ljósi þeirra breytinga sem þarf að vinna að varðandi íþróttastefnuna og íþróttahéruð en einnig varðandi skiptingu fjármuna frá Íslenskri getsþá og Íslenskum getraunum. Nokkrar ástæður geta verið fyrir því að ekki hefur borist umsókn s.s. Covid tímabilið, ekki er fyrirbyggjandi samþykki þings/stjórnar viðkomandi bandalaga til umsóknar.

Óbreytt tillaga úr nefnd

Þorsteinn Marinósson UMSE, segist hafa talað fyrir því lengi að íþróttahreyfingin eigi að vera sameinuð. Hann er samt efins um að þetta sé rétta leiðin. Hann telji eðlilegra að íþróttabandalögin sækji um með venjubundnum hætti.

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Tillögur frá Laganefnd – Þorvaldur Gröndal, formaður nefndarinnar, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

**Lagabreytingar
Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir eftirfarandi breytingar á 7., 9., 10. og 11. grein í lögum UMFÍ.

Greinargerð: Tillögur að lagabreytingum eru settar fram til þess að lagfæra framsetningu og orðalag í flestum tilfellum. Í 7.grein eru breyting á orðalagi. Í 9.grein eru efnislegar viðbætur varðandi skil á kjörbréfum en að öðru leyti um breytingar á framsetningu og orðalagi að ræða en ekki efnislegar breytingar á fjölda fulltrúa. Stjórn leggur til breytingar á 10. grein varðandi sambandsráðsfund þar sem markmiðið er að skýra þær og samræma við reglur um Sambandsþing. Í 11.grein eru breytingar á orðalagi.

Viðbætur eru undirstrikaðar og skáletraðar en texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður.

7. grein

Hvert aðildarfélag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum skattskyldum *félaga* eftir ákvörðun Sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda rafrænt í þar til gert félagaskýrslukerfi UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert

9. grein

Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til Sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvert ár.

Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir Sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Sambandsaðilar skulu skila inn kjörbréfum fyrir upphaf þings.

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til Sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skal skila í síðasta lagi 15. apríl það ár sem þing er haldið sem hér segir:

1 fulltrúa fyrir 1-200 skattskylda félaga

2 fulltrúa fyrir 201 –1999 skattskylda félaga

3 fulltrúar fyrir 2000-2999 skattskylda félaga

4 fulltrúar fyrir 3000-3999 skattskylda félaga

5 fulltrúar fyrir 4000-4999 skattskylda félaga

6 fulltrúar fyrir 5000-5999 skattskylda félaga

7 fulltrúar fyrir 6000-6999 skattskylda félaga

8 fulltrúar fyrir 7000-7999 skattskylda félaga

9 fulltrúar fyrir 8000-8999 skattskylda félaga

10 fulltrúar fyrir 9000 og fleiri skattskylda félag

Þingfulltrúar féлага með beina aðild geta að hámarki verið 7 en 10 fulltrúar frá öðrum sambandsaðilum. Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn íþróttahéraða eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.

Sambandsþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað og mættur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

Verkefni Sambandsþings skulu m.a. vera:

- Ræða skýrslur liðins kjörtímabils.
- Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, (almanaksárið), sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.
- Marka stefnu UMFÍ á komandi árum.
- Kjósa formann UMFÍ, 6 einstaklinga í stjórn og 4 í varastjórn.
- Kjósa 5 einstaklinga og 2 til vara í kjörnefnd,
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Velja endurskoðunarfélag fyrir UMFÍ

Aukaþing er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess og skal það þá boðað eftir lögum um boðun Sambandsþings.

10. grein

Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli Sambandsþinga.

Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar.

Stjórn skal boða skriflega til sambandsráðsfundar með a.m.k. 4 vikna fyrirvara og skal hann haldinn fyrir 15. nóvember það ár sem sambandsþing UMFÍ er ekki haldið.

Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera:

- Ræða skýrslur næstliðins árs.
- Afgreiða reikninga liðins árs, sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta Sambandsþing til afgreiðslu.

- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

Aukasambandsráðsfund er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess. Einnig getur stjórn kallað til auka sambandsráðsfundar og skal fundurinn boðaður eftir lögum um boðun sambandsráðsfundar og skal fundarefni getið í fundarboði.

11. grein

Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir í stjórn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs.

Varastjórn skipa fjórir einstaklingar og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn.

Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm einstaklinga í kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta Sambandsþings.

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar.

Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu fulltrúar frá hverju kjördæmi. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri en einn úr hverju kjördæmi.

Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar.

Stjórn kys úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá einstaklinga og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda.

Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi.

Verkefni stjórnar skulu vera:

- Stýra málefnum UMFÍ milli þinga.
- Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar.
- Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar.
- Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.

Tillagan kom nokkuð breytt úr nefndinni.

Birgir Gunnlaugsson ÍBR, lagði til að farið væri til baka í tillögu stjórnar um að greiði einn fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn ársreikningi, yrði honum vísað til næsta sambandsþings.

Þórir Haraldsson HSK, er ósammála Birgi. Þetta sé mikilvægur málskotsréttur.

Breytingar á 7. grein samþykktar samhljóða

Breytingar á 9. grein samþykktar samhljóða

Tillaga Birgis um 10. grein felld með 36 atkvæðum gegn 18. 10. grein, eins og nefndin afgreiddi hana, samþykkt með 60 atkvæðum gegn engu.

Breytingar á 11. grein samþykktar samhljóða

Lögin í heild sinni borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

ÞINGSKJAL NR. 6**Reglugerð um Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ
Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ

Greinargerð: Tillögur að breytingum eru gerðar í framhaldi af tillögum og ábendingum sem borist hafa frá aðildarfélögum og sjóðsstjórn. Einnig er um að ræða samræmingu á reglugerðum umhverfissjóðs og fræðslu- og verkefnasjóðs.

Viðbætur eru undirstrikaðar og skáletraðar en texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður.

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ**1. grein – Heiti sjóðsins**

Sjóðurinn heitir Fræðslu- og verkefnasjóður Ungmennafélags Íslands.

2. grein – Tilgangur

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar í samræmi við stefnu UMFÍ, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

3. grein – Skipan og hlutverk stjórnar

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Stjórn UMFÍ skipar stjórn sjóðsins milli þinga. Kjörtímabil sjóðsstjórnar er samhlíða kjörtímabili stjórnar UMFÍ, eða tvö ár. Verkefni sjóðsstjórnar er að úthluta fé úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.

Sjóðsstjórn setur sér nánari vinnureglur varðandi úthlutun.

4. grein – Fjármagn

Tekjur sjóðsins skulu vera ákveðinn hundradshluti af lottótekjum samkvæmt reglugerð um úthlutun lottótekna, nú 7%, frjáls framlög einstaklinga og félaga, eigin vaxtatekjur og aðrar fjáraflanir sem henta þykja hverju sinni. Sjóðsstjórn er heimilt að leita eftir viðbótarfjármagni frá öðrum aðilum.

5. grein – Umsóknir

Úthlutun úr sjóðnum fer fram tvisvar á ári. Umsóknir skulu berast skrifstofu UMFÍ, á þar til gerðu eyðublaði. Skilafrestur umsókna er annars vegar til og með 1. maí og hins

vegar til og með 1. nóvember ár hvert. Sjóðsstjórn skal úthluta úr sjóðnum í síðasta lagi mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Fyrir hverja úthlutun skal auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn með því að senda kynningarpóst á sambandsaðila, setja auglýsingu á vef UMFÍ og á öðrum opinberum vettvangi. Í auglýsingum eftir umsóknum í sjóðinn skal fylgja með slóð á vefsíðu UMFÍ. Þar komi fram nánari upplýsingar um sjóðinn, og yfirlit yfir þá styrkþega, styrkuppþæðir og verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði og leita umsagna annarra aðila. Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar. Verði umsókn samþykkt til styrkveitingar skal sjóðsstjórnin ákveða hversu háan styrk viðkomandi verkefni hlýtur. Umsækjendur geta óskað eftir rökstuðningi sjóðsstjórnar við sinni umsókn.

6. grein – Skilyrði

Rétt til umsóknar úr sjóðnum eiga sambandsaðilar UMFÍ, aðildarfélög sem eru virk í starfi og deildir innan þeirra.

Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ-rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlegra verkefna hreyfingarinnar.

Sjóðurinn styrkir ekki tækja-, áhalda- og búnaðarkaup, fundakostnað (þ.m.t. veitingar) og almennan rekstur félaga. Sjóðsstjórn er heimilt að kveða nánar á um þetta í vinnureglum sínum, sbr. 3. gr.

7. grein – Uppgjör

Öllum sem hljóta styrk úr sjóðnum er skylt að skila skýrslu til UMFÍ eftir að verkefninu lýkur, um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. Skýrslunni skal einnig fylgja afrit af reikningum fyrir útlögðum kostnaði. Hafi styrkur ekki verið sóttur 24 mánuðum eftir úthlutun fellur hann niður.

8. grein – Reikningar sjóðsins

Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. er gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Rekstrar- og efnahagsreikningur sjóðsins skal birta árlega í ársskýrslu UMFÍ, sem lögð er fram á Sambandsþingi og sambandsráðsfundi.

Það endurskoðunarfélag sem sinnir endurskoðun reikninga UMFÍ hverju sinni, er jafnframt endurskoðunarfélag sjóðsins.

9. grein – Gildistími og breytingar

Reglugerð þessari verður aðeins breytt á Sambandsþingi UMFÍ og þarf að hljóta 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Samþykkt á 52. Sambandsþingi UMFÍ 2021 á Húsavík. Tekur gildi 1.1.2022

Tillagan kom nokkuð breytt úr nefndinni.

Ragnheiður Högnadóttir stjórn UMFÍ, lagði til örlitla breytingu á 3. grein, þar sem skipt er út orðinu *mönnum* og bætt við orðinu *einstaklingum* í staðinn.

Þingskjalið, með tillögu Ragnheiðar, samþykkt samhljóða.

ÞINGSKJAL NR. 7**Reglugerð um Umhverfissjóð UMFÍ, minningarsjóð Pálma Gíslasonar
Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um Umhverfissjóð UMFÍ, minningarsjóð Pálma Gíslasonar

Greinargerð: Tillögur að breytingum eru gerðar í framhaldi af tillögum og ábendingum sem borist hafa frá aðildarfélögum og sjóðsstjórn. Einnig er um að ræða samræmingu á reglugerðum um umhverfissjóð og fræðslu- og verkefnasjóð.

Viðbætur eru undirstrikaðar og skáletraðar en texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður.

1. grein - Heiti sjóðsins

Sjóðurinn heitir „Umhverfissjóður UMFÍ – Minningarsjóður Pálma Gíslasonar“ en Pálmi var formaður UMFÍ 1979–1993. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík. Sjóðurinn er vistaður hjá Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ), Sigtúni 42, 105 Reykjavík. UMFÍ sér um að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmasta hátt.

2. grein - Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Horfa skal til verkefna er tengjast yngra fólki og verkefna sem stuðla að auknum tengslum við náttúru landsins.

Líta ber til misjafns aðgengis félaga að fjármagni til verkefna og að mótframlagi félaga heima í héraði til verkefna, auk nýjunga í umhverfisverndun og nýtingu.

3. grein. - Um sjóðinn

Stofnendur sjóðsins eru fjölskylda Pálma Gíslasonar, ungmennafélagshreyfingin og aðrir velunnarar.

Höfuðstóll sjóðsins skal eigi vera lægri en 5.000.000 kr. og vera tengdur vísitölu neysluverðs í október 2015. Sjóðnum skulu tryggðar að lágmarki 1.200.000 kr. árlega sem greiddar verði af UMFÍ. Framlag UMFÍ er ákveðið í fjárhagsáætlun ár hvert. Sjóðsstjórn er heimilt að leita eftir viðbótarfjármagni frá öðrum aðilum.

4. grein - Skipan og hlutverk sjóðsins

Sjóðsstjórn skal skipuð einum fulltrúa frá fjölskyldu Pálma Gíslasonar, formanni UMFÍ og þremur fulltrúum skipuðum af stjórn UMFÍ.

Kjörtímabil sjóðsstjórnar er samhliða kjörtímabili stjórnar UMFÍ, eða tvö ár. Verkefni sjóðsstjórnar er að úthluta fé úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.

Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni og setur sér nánari vinnureglur varðandi úthlutun.

5. grein - Umsóknir

Úthlutað skal úr sjóðnum einu sinni á ári. Umsóknir skulu berast skrifstofu UMFÍ, á þar til gerðu eyðublaði.

Skilafrestur umsókna er til og með 15. apríl ár hvert. Sjóðsstjórn skal úthluta úr sjóðnum í síðasta lagi mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út. Skilyrði til styrkveitingar úr sjóðnum er að styrkþegi sé félag í UMFÍ og að verkefnið sé umhverfisverkefni.

Fyrir hverja úthlutun skal auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn með því að senda kynningarpóst á sambandsaðila, setja auglýsingu á vef UMFÍ og á öðrum opinberum vettvangi. Í auglýsingum eftir umsóknum í sjóðinn skal fylgja með slóð á vefsíðu UMFÍ. Þar komi fram nánari upplýsingar um sjóðinn, og yfirlit yfir þá styrkþega, styrkupp hæðir og verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði og leita umsagna annarra aðila. Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar. Verði umsókn samþykkt til styrkveitingar skal sjóðsstjórnin ákveða hversu háan styrk viðkomandi verkefni hlýtur. Umsækjendur geta óskað eftir rökstuðningi sjóðsstjórnar við sinni umsókn.

6. grein – Skilyrði

Rétt til að sækja um styrk úr sjóðnum eiga sambandsaðilar UMFÍ, aðildarfélög sem eru virk í starfi og deildir innan þeirra. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlegra verkefna hreyfingarinnar.

7. grein - Uppgjör

Öllum sem hljóta styrk úr sjóðnum er skylt að skila skýrslu til UMFÍ eftir að verkefninu lýkur, um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. Skýrslunni skal einnig fylgja afrit af reikningum fyrir útlögðum kostnaði. Styrkir eru einungis greiddir út til félaga innan UMFÍ, ekki til einstaklinga. Hafi styrkur ekki verið sóttur 24 mánuðum eftir úthlutun fellur hann niður.

8. grein - Reikningar sjóðsins

Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. er gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Rekstrar- og efnahagsreikning sjóðsins skal birta árlega í ársskýrslu UMFÍ, sem lögð er fram á Sambandsþingi og sambandsráðsfundi.

Það endurskoðunarfélag sem sinnir endurskoðun reikninga UMFÍ hverju sinni, er jafnframt endurskoðunarfélag sjóðsins.

9. grein - Gildistími og breytingar

Reglugerð þessi tekur þegar gildi. Breytingar á reglugerðinni þurfa að hljóta samþykki einfalds meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ.

Samþykkt á 52. Sambandsþingi UMFÍ 2021 á Húsavík.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 13 var ekki afgreitt úr nefndinni, heldur var lögð fram ný tillaga í hennar stað, þ.e. þingskjal nr. 15.

ÞINGSKJAL NR. 15

**Tillaga um að starfrækja áfram nefnd um endurskoðun á regluverki skiptingar tekna frá Íslenskri getsþá
Tillaga frá Laganefnd.**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að starfrækja áfram nefnd í samstarfi við sambandsaðila og ÍSÍ um endurskoðun á regluverki skiptingar tekna frá Íslenskri getsþá. Stjórn UMFÍ er heimilt að útfæra nefndarskipan og störf nefndarinnar þannig að sem breiðvirkustu sjónarmið hagsmunaaðila komi fram til lausnarmiðaðar tillögu. Nefndin á að hafa lokið störfum fyrir sambandsráðsfund UMFÍ 2022, skila tillögum sem hljóta kynningu á meðal sambandsaðila UMFÍ og ÍSÍ í aðdraganda 76. Íþróttapings ÍSÍ 2023, sem yrðu lagðar fram á sama þingi með það að markmiði að afgreiðslu ljúki farsællega, og samþykktar á Sambandsþingi UMFÍ 2023.

Birgir Gunnlaugsson ÍBR, kallaði Valdimar Leó Friðriksson UMSK, með sér upp á svið og fagnaði mjög þeim tímamótum að nú væru þeir sammála.

Þórir Haraldsson HSK, ætlaði að benda á að eitthvað vantaði inn í tillöguna, en hljóp á sig. Það kom í ljós að ekki sást allur textinn á skjánum.

Sigurður Óskar Jónsson UMFÍ/USÚ óskaði eftir að orðið hagaðilar verði fellt út en í staðinn komi hagsmunaaðilar.

Þingskjalið, með tillögu Sigurðar, borin upp til samþykktar, og var samþykkt samhljóða.

Tillögur frá Fjárhagsnefnd – Jónas Egilsson, formaður nefndarinnar, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

ÞINGSKJAL NR. 10

**Getsþá og getraunir
Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 hvetur sambandsaðila til þess að standa vörð um starfsemi fyrirtækjanna Íslenskrar getsþár og Íslenskar getraunir. Þingið skorar á yfirvöld að grípa til aðgerða gegn ólöglegri starfsemi veðmálafyrirtækja hér á landi.

Greinargerð: Íslensk getsþá og Íslenskar getraunir eru mikilvæg tekjuöflun fyrir hreyfinguna og hafa greiðslur til hreyfingarinnar aldrei verið hærrí en undanfarna mánuði. Engu að síður eru veðmálafyrirtæki með starfsemi hér á landi án þess að hafa

tilskilin leyfi. Í ljósi þessa eru yfirvöld hvött til að grípa til aðgerða gegn þessum fyrirtækjum sem greiða ekki skatta eða skyldur til samfélagsins hér á landi.

Tillagan kom óbreytt út úr nefndinni.

Samþykkt samhljóða

ÞINGSKJAL NR. 11

Endurskoðunarfélag Tillaga frá stjórn UMFÍ

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir að BDO ehf. sjái um endurskoðun UMFÍ fyrir árið 2021.

Greinargerð: Tillagan er lögð fram í samræmi við 9. grein laga UMFÍ þar sem kveðið er á um að á meðal verkefna þings sé að kjósa endurskoðunarfélag samtakanna.

Tillagan kom óbreytt út úr nefndinni.

Gunnar Þór Gestsson UMFÍ/UMSS, lagði til að þetta gildi líka um árið 2022, þar sem tillaga um að hægt væri að velja endurskoðunarfélag á sambandsráðsfundi var felld í laganefnd.

Þingskjalið borið upp með breytingatillögu Gunnars. Samþykkt samhljóða

ÞINGSKJAL NR. 12

Árgjald Tillaga frá stjórn UMFÍ

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021 samþykkir að innheimta ekki árgjald af skattskyldum félögum árið 2022.

Greinargerð: Tillagan er lögð fram í samræmi við 7. grein laga UMFÍ þar sem kveðið er á um að meðal verkefna þings sé að ákveða árgjald sambandsaðila og aðildarfélaga.

Tillagan kom óbreytt út úr nefndinni.

Samþykkt samhljóða

ÞINGSKJAL NR. 14**Húsnæðismál
Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. – 17. október 2021 heimilar stjórn UMFÍ að selja húseign samtakanna að Sigtúni 42 ef ásættanlegt tilboð berst með vísan til fyrri samþykktar sambandsráðsfundar á Ísafirði þann 20. október 2018. Jafnframt er stjórn heimilað að kaupa nýtt húsnæði sem hentar starfsemi samtakanna. Auk þess er stjórn heimilt að taka á leigu húsnæði þangað til ásættanlegt húsnæði finnst.

Þeir fjármunir sem fást fyrir fasteign samtakanna skulu ávaxtaðir með kaupum á ríkisskuldabréfum.

Stjórn UMFÍ er ekki heimilt að ráðstafa söluandvirði Sigtúns 42 til annars en kaupa og endurbóta á framtíðarhúsnæði fyrir starfsemi hreyfingarinnar.

Verði söluandvirði Sigtúns 42 hærra en nemur kaupverði nýs húsnæðis skal ákvörðun um ráðstöfun eftirstöðva tekin á Sambandsþingi eða Sambandsráðsfundi, eftir því hvort kemur fyrir.

Tillagan kom óbreytt út úr nefndinni.

Guðmundur G. Sigurbergsson gjaldkeri UMFÍ, rakti sögu málsins, sem á rætur í tillögu sem var samþykkt á sambandsráðsfundi á Ísafirði 2018. Öryrkjabandalag Íslands, sem er meðeigandi í húseigninni, hefur lýst áhuga á að kaupa eignarhlut UMFÍ í húseigninni. Samhliða þessu þarf að fara í þarfagreiningu á framtíðarhúsnæði hreyfingarinnar.

Þingskjalið samþykkt samhljóða.

ÞINGSKJAL NR. 1**Fjárhagsáætlun 2022
Tillaga frá stjórn UMFÍ**

52. Sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. - 17. október 2021, samþykkir fjárhagsáætlun UMFÍ 2022.

Heildaryfirlit um rekstur 2022

	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Raun 2020
Rekstrartekjur:			
Ríkisframlag	129.600.000	129.600.000	129.600.000
Lottó og getraunir	272.000.000	197.000.000	302.710.645
Aðrar tekjur	150.846.941	137.710.000	83.407.250
	<u>552.446.941</u>	<u>464.310.000</u>	<u>515.717.895</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	130.978.376	109.671.773	99.191.697
Lottó til sambandsaðila	213.300.000	154.326.500	236.771.409
Annar rekstrarkostnaður	181.288.583	174.798.320	125.790.271
Veittir styrkir	20.100.000	16.650.000	22.588.788
Afskriftir	5.100.000	4.722.600	3.498.000
	<u>550.766.959</u>	<u>460.169.193</u>	<u>487.840.165</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða:	1.679.982	4.140.807	27.877.730
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Fjármagnstekjur	1.100.000	3.000.000	891.495
Fjármagnsgjöld	(1.200.000)	(2.922.000)	(4.033.114)
	<u>(100.000)</u>	<u>78.000</u>	<u>(3.141.619)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins:	<u>1.579.982</u>	<u>4.218.807</u>	<u>24.736.111</u>

Heildaryfirlit um rekstur 2022					
	Heild	Aðalsjóður	Ungmennabúðir	Fræðslu- og verkefnasjóður	Umhverfissjóður
Rekstrartekjur:					
Ríkisframlag	129.600.000	111.804.000	17.796.000		
Lottó og getraunir	272.000.000	253.100.000		18.900.000	
Aðrar tekjur	150.846.941	73.818.941	75.828.000		1.200.000
	<u>552.446.941</u>	<u>438.722.941</u>	<u>93.624.000</u>	<u>18.900.000</u>	<u>1.200.000</u>
Rekstrargjöld:					
Laun og launatengd gjöld	130.978.376	80.440.049	50.538.328		
Lottó til sambandsaðila	213.300.000	213.300.000			
Annar rekstrarkostnaður	181.288.583	133.256.383	47.557.200	450.000	25.000
Veittir styrkir	20.100.000			18.900.000	1.200.000
Afskriftir	5.100.000	3.900.000	1.200.000		
	<u>550.766.959</u>	<u>430.896.432</u>	<u>99.295.528</u>	<u>19.350.000</u>	<u>1.225.000</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða:	1.679.982	7.826.509	(5.671.528)	(450.000)	(25.000)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):					
Fjármagnstekjur	1.100.000	600.000		350.000	150.000
Fjármagnsgjöld	(1.200.000)	(1.200.000)			
	<u>(100.000)</u>	<u>(600.000)</u>		<u>350.000</u>	<u>150.000</u>
Rekstrarniðurstaða ársins:	<u>1.579.982</u>	<u>7.226.509</u>	<u>(5.671.528)</u>	<u>(100.000)</u>	<u>125.000</u>

Nokkrar breytingar urðu á fjárhagsáætlun í nefndinni.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða

Ása Inga Þorsteinsdóttir UMSK, veltir fyrir sér, í framhaldi af því að búið er að fella nokkrar tillögur um að færa stjórn UMFÍ meiri völd, af hverju hreyfingin treysti ekki stjórninni til að taka slíkar ákvarðanir.

MÁLSTOFUR

Á þinginu var boðið upp á þrjár málstofur sem þingfulltrúar gátu valið á milli:

- Íþróttahéruð landsins. Umsjón: Jóhann Steinar Ingimundarson, varaformaður UMFÍ
- Mótahald. Umsjón: Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri Landsmóta UMFÍ.
- Rafíþróttir. Umsjón: Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ og Ólafur Hrafn Steinarsson, formaður Rafíþróttasamtaka Íslands, RÍSí.

KOSNINGAR

Einar Kristján Jónsson formaður kjörnefndar, stýrði kosningum

Kosning formanns

Jóhann Steinar Ingimundarson UMSK, var einn í kjöri og var því lýstur réttkjörinn formaður Ungmennafélags Íslands 2021 til 2023. Því var fagnað með lófataki.

Kynning á framboði til stjórnar og varastjórnar, hver frambjóðandi fékk eina mínútu.

Til aðalstjórnar:

Gissur Jónsson HSK (fjarverandi, en Helgi Haraldsson HSK kynnti framboðið)

Guðmunda Ólafsdóttir ÍA

Guðmundur Sigurbergsson UMSK

Gunnar Gunnarsson UÍA

Gunnar Þór Gestsson UMSS

Málfríður Sigurhansdóttir ÍBR

Ragnheiður Högnadóttir USVS

Silja Dögg Gunnarsdóttir UMFN (fjarverandi)

Sigurður Óskar Jónsson USÚ

Til varastjórnar:

Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir UDN

Hallbera Eiríksdóttir UMSB

Lárus B. Lárusson UMSK

Sigurður Eiríksson UMSE (fjarverandi, en Þorsteinn Marinósson UMSE kynnti framboðið)

Sveinn Ægir Birgisson HSK (fjarverandi)

KOSNINGAR

Kosningar fóru fram rafrænt að þessu sinni.

Kosning til stjórnar UMFÍ, 9 manns í kjöri.

Kosnir eru 6 fulltrúar í stjórn UMFÍ.

Niðurstaða kosninga til aðalstjórnar

101 greiddu atkvæði

Gunnar Þór Gestsson UMSS 95 atkvæði

Ragnheiður Högnadóttir USVS 92 atkvæði

Guðmundur Sigurbergsson UMSK 89 atkvæði

Gunnar Gunnarsson UÍA 86 atkvæði

Sigurður Óskar Jónsson USÚ 76 atkvæði

Málfríður Sigurhansdóttir ÍBR 62 atkvæði

Gissur Jónsson HSK 48 atkvæði

Guðmunda Ólafsdóttir ÍA 40 atkvæði

Silja Dögg Gunnarsdóttir UMFN 20 atkvæði

Réttkjörin í stjórn UMFÍ 2021 – 2023 eru því:

Gunnar Þór Gestsson UMSS
Ragnheiður Högnadóttir USVS
Guðmundur Sigurbergsson UMSK
Gunnar Gunnarsson UÍA
Sigurður Óskar Jónsson USÚ
Málfríður Sigurhansdóttir ÍBR

Þeim sem ekki náðu kjöri í aðalstjórn var boðið að bjóða sig fram í varastjórn, sem þau þáðu öll.

Framboð til vararstjórnar UMFÍ

Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir UDN
Gissur Jónsson HSK
Guðmunda Ólafsdóttir ÍA
Hallbera Eiríksdóttir UMSB
Lárus B. Lárusson UMSK
Sigurður Eiríksson UMSE
Silja Dögg Gunnarsdóttir UMFN
Sveinn Ægir Birgisson HSK

Niðurstaða kosninga til varastjórnar

96 greiddu atkvæði

Hallbera Eiríksdóttir UMSB	81 atkvæði
Lárus B. Lárusson UMSK	74 atkvæði
Gissur Jónsson HSK	59 atkvæði
Guðmunda Ólafsdóttir ÍA	56 atkvæði
Silja Dögg Gunnarsdóttir UMFN	42 atkvæði
Sigurður Eiríksson UMSE	30 atkvæði
Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir UDN	29 atkvæði
Sveinn Ægir Birgisson HSK	13 atkvæði

Réttkjörin í varastjórn UMFÍ 2021 – 2023 eru því, í þessari röð:

1. Hallbera Eiríksdóttir UMSB
2. Lárus B. Lárusson UMSK
3. Gissur Jónsson HSK
4. Guðmunda Ólafsdóttir ÍA

Þingforseti bar því næst upp tillögu að kjörnefnd sem starfi milli þinga

Einar Kristján Jónsson Vesturhlíð
Guðný Stefanía Stefánsdóttir HSV
Einar Haraldsson KEF
Halla Garðarsdóttir UMSK
Björgvin Stefán Pétursson UÍA

Til vara:

Anna Bjarnadóttir ÍA
Haukur F. Valtýsson ÍBA

Samþykkt samhljóða

ÁLYKTUN FRÁ MÁLSTOFU UM RAFÍÞRÓTTIR

Hallbera Eiríksdóttir varastjórn UMFÍ, kynnti tillögu að ályktun frá málstofu um rafíþróttir

52. Sambandsþing UMFÍ fagnar þeim árangri sem náðst hefur með samvinnu UMFÍ, RÍSÍ, ÍSÍ og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins við innleiðingu rafíþróttarástæðu skipulagðs íþróttar- og æskulýðsstarfs. UMFÍ býður alla iðkendur velkomna í það skipulagða starf sem íþróttafélög sinna, óháð greinum iðkenda. UMFÍ leggur megináherslu á heilbrigð gildi, hreyfingu, andlega þjálfun og jákvæði samskipti í sínu starfi og aðildarfélagum sinna. Með þessi gildi að leiðarljósi er mikilvægt að styðja félög við að koma rafíþróttum inn í skipulagð starf, t.d. með stuðningi við þjálfaranámskeið og regluverk utan um starfið.

Valdimar Leó Friðriksson UMSK, spyr hvort ÍSÍ eigi að vera getið í ályktuninni.

Gunnar Gunnarsson UMFÍ/UÍA, svaraði því að í starfshópi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins voru fulltrúar frá bæði UMFÍ og ÍSÍ

Helgi S. Haraldsson HSK, lagði til lítilsháttar orðalagsbreytingu. Hann sagði einnig frá uppbyggingu rafíþróttadeildar Ungmennafélagsins Selfoss, sem tekist hefur mjög vel og margir iðkendur, sem annars væru ekki í neinu skipulögðu starfi, eru komnir í skipulagð starf.

Einar Haraldsson KEF, er ánægður með að sjá þessa ályktun. Stundum hafi hreyfingin verið eftir á og misst af lestinni í sumum verkefnum. Nú gæti stefnt í það að rafíþróttadeild Keflavíkur yrði stærsta deild félagsins. Hann óskaði svo nýkjörinni stjórn til hamingju og sendi þakkir til fráfarandi stjórnarmanna.

Ályktunin borin upp með breytingatillögu Helga S. Haraldssonar. Samþykkt samhljóða.

ÖNNUR MÁL

Anna R. Möller heiðursfélagi UMFÍ, þakkar fyrir þann heiður sem sér hefur verið veittur. Hún hafi ekki starfað í hreyfingunni til að fá viðurkenningar, en það sé alltaf mjög skemmtilegt. Anna starfar hjá Rannís og hvatti hreyfinguna til að nýta þau tækifæri sem í boði eru hjá Rannís og Erasmus+. Auðvelt er að afla upplýsinga um tækifærin hjá Rannís.

Ólafur Þ. Eyjólfsson UMFN, óskar nýkjörnum formanni og nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið og þakkar fráfarandi stjórnarmönnum fyrir sitt starf. Hann fjallaði um erfitt mál sem komið hefur á borð Samskiptaráðgjafa og ekki gengið vel. Afar brýnt sé að þessir ferlar virki vel og hægt sé að leiða mál til lykta.

Ingvar Sverrisson ÍBR, var mjög ánægður með íþróttahelgina. Hann sagði líka að þetta væri fyrsta þing UMFÍ sem ÍBR situr sem fulltrúar og þetta væri eitt af því skemmtilegasta sem hann hefði gert í þessu starfi. Hann var ánægður með áræðni og hugrekki hreyfingarinnar. Hann tók undir með Ólafi að nauðsynlegt sé að þessi erfiðu mál verði leidd til lykta. ÍBR hefur tekið þessi mál alvarlega og mótað mjög ákveðna ferla til að geta tekið strax á þeim og leist hratt úr þeim. Hann tók fram að vel yrði tekið í það ef einhverja utan ÍBR vanti aðstoð í svona málum.

Einar Haraldsson KEF, brýndi til stjórnar að koma að lausn þess vandamáls að ungir afreksíþróttamenn þurfa oft að greiða háar upphæðir til að geta tekið þátt í afreksstarfinu. Það er ólíðandi að til þess að geta verið afreksbörn og unglingar í íþróttum, þurfi að eiga efnaða foreldra.

Ása Inga Þorsteinsdóttir UMSK, kom með áskorun til nýkjörinnar stjórnar um að velta fyrir sér hvort setja ætti reglur um kynjakvóta í stjórn UMFÍ.

Garðar Svansson HSH, óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið. Hann óskaði einnig öllum þeim sem hafa fengið viðurkenningar frá UMFÍ og ÍSÍ til hamingju, því allt það fólk er vel að því komið. Hann kom einnig inn á orð Einars Haraldssonar og benti á að afreksfólk verður til í íþróttafélögum, ekki í sersamböndunum. Hann fagnaði því að samstarf UMFÍ og ÍSÍ hafi aukist og batnað á síðustu árum. Hann hefur talað fyrir því í 12 ár, bæði innan stjórn UMFÍ á sínum tíma og í stjórn ÍSÍ, þar sem hann situr núna.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir heiðursfélagi UMFÍ, óskar nýjum formanni, nýrri stjórn og varastjórn til hamingju með kjörið. Hún hvatti hreyfinguna áfram til góðra verka. Skýrsla stjórnar hefur líklega aldrei verið jafn þykk, sem er til marks um að stjórn og starfsfólk hefur verið á tánum og unnið vel úr öllum þeim hindrunum sem orðið hafa á veginum.

Haukur F. Valtýsson fráfarandi formaður UMFÍ, óskar nýjum formanni, nýrri stjórn og varastjórn til hamingju með kjörið. Það á að vera gaman og gleði að starfa innan UMFÍ. Hann þakkaði að lokum öllum kærlega fyrir samstarfið í gegnum árin.

Guðmundur G. Sigurbergsson UMSK, veitti Hauki F. Valtýssyni fráfarandi formanni, heiðursskjöld UMSK.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson þingforseti, þakkaði fyrir sig og gaf Jóhanni Steinari Ingimundarsyni nýkjörnum formanni orðið.

Jóhann Steinar Ingimundarson nýkjörinn formaður UMFÍ, veitti Hauki F. Valtýssyni fráfarandi formanni, gullmerki UMFÍ. Hann þakkaði þingforsetum fyrir mjög góða fundarstjórn, starfsfólki UMFÍ fyrir gott skipulag og þingheimi öllum fyrir gott þing. Hann sleit svo 52. Sambandsþingi UMFÍ, kl. 19:15 á laugardagskvöldi, langt á undan áætlun.

MATMAÐUR ÞINGSINS

Að þingstörfum og kvöldverði loknum, greindi Guðríður Aadnegard HSK, frá vali á matmanni þingsins. Guðmundur L. Gunnarsson, matmaður síðasta Sambandsþings var ekki viðstaddur og féllu dómaraströf því í hlut fulltrúa HSK, sem var Guðríður. Matmaður 52. Sambandsþings UMFÍ er Ingvar Sverrisson, ÍBR.

FULLTRÚAR FRÁ SAMBANDSAÐILUM

Alls mættu 103 þingfulltrúar. Fulltrúar á innsendum kjörbréfum voru þó fleiri, en ekki allir gátu komið.

HSB (3)

Jónas L. Sigursteinsson

HSH (5)

Hjörleifur K. Hjörleifsson
Berglind Long
Garðar Svansson
Sæunn Dögg Baldursdóttir
Daði Jörgensson
Til vara
Gunnar Bergmann Traustason

HSS (3)

Jóhann Björn Arngrímsson

HSP (4)

Jónas Egilsson
Gunnhildur Hinriksdóttir
Garðar Héðinsson
Sigfús Hilmir Jónsson
Til vara
Sigurlína Tryggvadóttir
Kristinn Björn Haraldsson
Anna María Ólafsdóttir
Selmdís Þráinsdóttir

HSV (4)

Ásgerður Þorleifsdóttir
Dagný Finnbjörnsdóttir
Gunnar Bjarni Guðmundsson
Ómar Örn Sigmundsson

HHF (3)

Sveinn Jóhann Þórðarson
Guðný Lilja Pálsdóttir

HSK (11)

Guðríður Aadnegard
Engilbert Olgeirsson
Gestur Einarsson
Gissur Jónsson
Guðmundur Jónasson
Guðrún Tryggvadóttir
Helgi S. Haraldsson

Olga Bjarnadóttir
Sigríður Anna Guðjónsdóttir
Sólmundur Magnús Sigurðarson
Þórir Haraldsson
Til vara
Rakel Þórarinsdóttir
Nanna Jónsdóttir
Valgerður Auðunsdóttir
Markús Ívarsson
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir
Tinna Erlingsdóttir
Aðalbjörg Skúladóttir
Hafðís Jóna Guðmundsdóttir
Hlynur Geir Hjartarson
Örn Guðnason

UÍA (7)

Gunnar Gunnarsson
Benedikt Jónsson
Gunnar Gassi Gunnarsson
Björgvin Stefán Pétursson
Hreinn Gunnar Birgisson
Ann-Marie Schultz
Halldór B. Guðmundsson
Til vara
Róbert Ragnar Skarphéðinsson

UÍF (3)

Arnheiður Jónsdóttir

USAH (3)

Rúnar Aðalbjörn Pétursson
Auður Ingimundardóttir
Til vara
Eyþór Franzson Wechner
Baldur Magnússon
Hugrún Lilja Pétursdóttir

UMSB (4)

Sonja Lind E. Eyglóardóttir
Rakel Guðjónsdóttir
Guðrún Hildur Þórðardóttir
Sigríður D. Sigurgeirsdóttir
Til vara
Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir

UDN (3)

Jón Egill Jónsson
Stefanía Björg Jónsdóttir
Heiðrún Sandra Grettisdóttir

UMSE (3)

Þorsteinn Marinósson
Kristlaug María Valdimarsdóttir
Þorgerður Guðmundsdóttir
Til vara
Kristín Thorberg
Einar Hafliðason
Sigurður Eiríksson

UMSK (11)

Guðmundur Sigurbergsson
Jóhann Steinar Ingimundarson
Lárus B. Lárusson
Ása Inga Þorsteinsdóttir
Kristrún Kristjánsdóttir
Valdimar Leó Friðriksson
Valdimar Gunnarsson
Hanna Carla Jóhannsdóttir
Halla Garðarsdóttir
Pétur Örn Magnússon
Sveinn Sigurðsson

UMSS (5)

Gunnar Þór Gestsson
Þuríður Elín Þórarinsdóttir
Guðmundur Rúnar Guðmundsson
Þorvaldur Gröndal
Anna María Oddsdóttir

USVS (3)

Fanney Ásgeirsdóttir
Erla Þ. Ólafsdóttir
Ragnar Sævar Þorsteinsson
Til vara
Sigmar Helgason
Fanney Lárusdóttir

USVH (3)

Guðrún Helga Magnúsdóttir
Eva Guðrún Georgiades
Sara Ólafsdóttir

USÚ (3)

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir
Jón Guðni Sigurðsson
Sigurður Óskar Jónsson

ÍA (4)

Marella Steinsdóttir

Hrönn Ríkarðsdóttir
Anna Bjarnadóttir
Guðmunda Ólafsdóttir

ÍBA (11)

Geir Kristinn Aðalsteinsson
Haukur Valtýsson

ÍBR (11)

Ingvar Sverrisson
Viggó Viggósson
Sigfús Ægir Árnason
Málfríður Sigurhansdóttir
Íris Svavarsdóttir
Ragnheiður G. Jóhannesdóttir
Jón Þór Ólason
Kjartan Freyr Ásmundsson
Frímarr Ari Ferdinandsson
Olga Ellen Þorsteinsdóttir
Birgir Gunnlaussón

Keflavík íþróttá- og ungmennafélag (7)

Einar Haraldsson
Eva Björk Sveinsdóttir
Garðar Newman
Birgir Már Bragason
Jónína Steinunn Helgadóttir
Björg Hafsteinsdóttir
Sveinbjörg Sigurðardóttir

UMFG (2)

Klara Bjarnadóttir
Jón Júlíus Karlsson

UMFN

Ólafur Þ. Eyjólfsson
Bergþóra Ósk Jóhannsdóttir
Thor Ólafur Hallgrímsson
Ingibjörg Jóhannsdóttir
Hámundur Örn Helgason

UMFÓ (0)**V (1)**

Einar Kristján Jónsson

UV (0)**UMFÞ (2)**

Petra Ruth Rúnarsdóttir

Andri Rúnar Sigurðsson
Til vara:
Marteinn Ægisson

Stjórn og varastjórn UMFÍ 2019–2021 (11)

Stjórn

Haukur F. Valtýsson	formaður
Jóhann Steinar Ingimundarson	varaformaður
Sigurður Óskar Jónsson	ritari
Guðmundur Sigurbergsson	gjaldkeri
Ragnheiður Högnadóttir	meðstjórnandi
Gunnar Gunnarsson	meðstjórnandi
Gunnar Þór Gestsson	meðstjórnandi

Varastjórn

Hallbera Eiríksdóttir
Lárus B. Lárusson
Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir
Gissur Jónsson

Starfsfólk UMFÍ (7)

Auður Inga Þorsteinsdóttir	framkvæmdastjóri UMFÍ
Jón Aðalsteinn Bergsveinsson	kynningarstjóri UMFÍ
Ómar Bragi Stefánsson	landsfulltrúi UMFÍ
Ragnheiður Sigurðardóttir	landsfulltrúi UMFÍ
Sigurður Guðmundsson	forstöðumaður Ungmennabúða
Sabína S. Halldórsdóttir	starfsmaður UMFÍ

Gestir (2)

Iðunn Bragadóttir	Bókari UMFÍ
Anna R. Möller	Þingritari

Þinggerð rituðu:

Sigurður Óskar Jónsson
Anna R. Möller